

SEÐLABANKI ÍSLANDS

ÁRSSKÝRSLA 1970
REYKJAVÍK 1971

Ísa foldarprentsmiðja hf.

EFNISYFIRLIT

Skýrsla bankastjórnar	5
Þjóðarframleiðsla og þróun efnahagsmála	5
Greiðslujöfnuður	15
Þróun peningamála	25
Stjórn og starfsemi Seðlabankans	40
Reikningar 1970	55
Töflur	67

SKÝRSLA BANKASTJÓRNAR

ÞJÓÐARFRAMLEIÐSLA OG PRÓUN EFNAHAGSMÁLA

Efnahagsbatinn á árinu 1970

Efnahagsleg afkoma Íslendinga batnaði mjög á árinu 1970, og þjóðartekjur jukust hröðum skrefum. Þannig sýna bráðabirgða-áætlanir um þjóðarframleiðslu, að hún hefur þá vaxið um 6,0% að raunvirði frá fyrra ári. Þjóðartekjur eru taldar hafa aukizt mun meira eða um 10,5%, en sú aukning umfram vöxt þjóðarframleiðslu á árinu stafar af sérstaklega hagstæðum utanríkisviðskiptum.

Þjóðarframleiðsla á mann jókst á árinu um $5\frac{1}{2}\%$, en þjóðartekjur um nálægt 10%, en það er aukning á borð við það, sem bezt hefur orðið hér á landi, sérstaklega að því er varðar þjóðartekjur. Til samanburðar er þess að geta, að á árunum 1962 til 1966, þegar uppgangur síldveiðanna varð sem mestur, jókst þjóðarframleiðsla að raunvirði um nærrí 9% á ári að meðaltali, en þjóðartekjur um 10%. Framleiðsluaukningin árið 1970 hefur því ekki orðið jafnmikil og á þessu einstaka uppgangsskeiði, en aukning þjóðartekna svipuð.

Segja má, að þjóðinni hafi tekizt á árinu 1970 að vinna sig að fullu upp úr þeim öldudal framleiðslu og tekna, er hún lenti í árunum 1967 til 1968. Sama máli gegrnir um greiðslujöfnuð og stöðuna út á við, en í þeim efnum varð útkoman mjög hagstæð á árinu 1970, eins og nánar er grein fyrir gerð síðar í skýrslunni.

Próunin á liðnum áratug

Efnahagsþróunin á árinu 1970 einkenndist mjög af því, að þetta var annað ár afturbata eftir mestu hagsveiflu, sem Íslendingar hafa orðið fyrir síðan á árunum um og eftir 1930. Það er því æskilegt að skoða efnahagsþróun ársins í ljósi þróunarinnar síðasta áratuginn. Það má einnig teljast nokkurt tilefni til slíkrar skoðunar, að þetta er tíunda ársskýrslan, sem gefin er út af Seðlabankanum, síðan hann var gerður að sjálfstæðri stofnun og slitinn að fullu úr tengslum við Landsbankann.

Vöxtur þjóðarframleiðslu og þjóðartekna

Sjöundi áratugurinn var í senn tímabil mikilla framfara og óvenju sterkra hagsveiflna, sem höfðu djúptæk áhrif á gang efnahagsmála allan áratuginn. Sé fyrst litið á þróun þjóðarframleiðslu¹ á áratugnum 1960 til 1970, kemur í ljós, að heildaraukning hennar á þessu tímabili reyndist 54% eða nær 4½% á ári. Má það kallast hagstætt, hvort sem borið er saman við aðrar þjóðir eða hagvöxt hér á landi áratuginn á undan.

Samkvæmt skýrslum OECD um hagvöxt og þjóðhagsreikninga meðal þátttökuríkja sinna varð hagvöxtur í OECD-löndum Evrópu um 4½% á ári á tímabilinu 1960 til 1968, en sambærilegar síðari tölur liggja ekki fyrir. Ísland liggur því hér nálegt meðaltali. Hagvöxtur sjöunda áratugarins er einnig mun meiri en áratugarins á undan hér á landi, sérstaklega ef miðað er við þjóðarframleiðslu og þjóðartekjur á mann. Á áratugnum 1960 til 1970 jókst þjóðarframleiðsla á mann um 32%, en áratuginn á undan um 24,5%. Þjóðartekjur, sem eru frábrugðnar þjóðarframleiðslu á þann hátt, að þær taka ábata eða halla vegna viðskiptakjara í utanríkisviðskiptum með í reikninginn, jukust um 44% á mann áratuginn 1960 til 1970, en aðeins um 27% á mann árin 1950 til 1960.


Ráðstafanir í efnahagsmálum

Í upphafi áratugarins voru gerðar viðtækar efnahagslegar ráðstafanir, sem miðuðu að því að koma á jöfnuði í viðskiptum þjóðarinnar við útlönd og stuðla að vexti þjóðartekna á grundvelli frjálsra utanríkisviðskipta og aukinnar fjölbreytni í framleiðslu og útflutningi. Enginn vafi er á því, að með þeirri stefnu að tryggja atvinnuvegunum raunhæft gengi og frjálsræði bæði um innflutning og fjárfestingu voru sköpuð skilyrði bætrar nýtingar framleiðslupáttu þjóðarbúsins og aukins hagvaxtar. Áætlanir um það, að þessar aðgerðir ættu eftir að leiða til aukinnar fjölbreytni í framleiðslu og útflutningi og þar með meiri stöðugleika í þjóðarbúskapnum, áttu þó ekki eftir að rætast nema að nokkru leyti. Það, sem hér kom til, voru áhrif gífurlegrar aukningar á síldarafla, sem varð ásamt hækkandi verðlagi á sjávarfurðum sterkasta aflið í efnahagsþróun á Íslandi á árunum 1962 til 1966.

Aukning síldaraflans

Síldaraflinn, er numið hafði 136 þús. tonnum árið 1960, tók stökkbreytingum á næstu árum. Árið 1961 varð hann 326 þús. tonn, 478 þús. tonn árið 1962, og árið 1966 hafði hann náð nærrri 770 þús. tonnum. Orsakir þessarar þróunar voru margar, svo sem sterkir síldarstofnar, ný veiðitækni og mikil fjárfesting í afkastamíklum skipum, verksmiðjum og hvers konar

¹ Tekið skal fram, að þegar rætt er um þjóðarframleiðslu í þessum kafla, er alls staðar átt við brúttó-þjóðarframleiðslu á raunvirði (föstu verðlagi), nema annars sé getið. Sama á við um tölur varðandi þjóðartekjur.




búnaði. Áhrif þessara miklu síldveiða á þjóðarbúskapinn urðu ennþá gagngerðari vegna þess, að samtímis fór verðlag á síldarafurðum erlendis hækkandi, enda drógu síldveiðarnar fjármagn og framleiðslukrafta frá öðrum greinum, svo að sókn báta á bolfiskveiðar minnkaði á þessu tímabili, auk þess sem togaraflotinn minnkaði.

Verðlag á innflutnum vörum og þjónustu hækkaði ekki að sama skapi á þessum árum, og verðlag útflutnings og viðskiptakjör fóru því verulega batnandi. Leiddi þetta allt til þess, að þjóðartekjur hækkuðu á fimm árum, 1962 til 1966, um 63% eða rúmlega 10% að meðaltali á ári.

Tekjuaukningin í sjávarútveginum hlaut að hafa meiri háttar áhrif á alla þætti þjóðarbúskaparins. Sjávarútvegurinn dró til sín framleiðslukrafta frá öðrum atvinnugreinum, og tekjuaukningin í sjávarútvegi varð til þess að ýta undir íbúðabyggingar, verzlun og aðra þjónustustarfsemi. Samkeppni var mikil um vinnuafl, og tekjur fóru mjög ört hækkandi og mun meira en nam almennri aukningu framleiðni í þjóðfélaginu. Þetta kom þó ekki fram í versnandi greiðslujöfnuði, þar sem aukning útflutningsverðmætisins hélzt í hendur við hækkandi tekjur. Þannig tvöfaltaðist verðmæti útflutningsins á aðeins fjórum árum, 1963 til 1966.

Pótt þessi mikli uppgangur sjávarútvegsins legði þannig grundvöll að vaxandi velgengni fyrir þjóðarbúið í heild, varð hann jafnframt til þess að auka einhæfni í þróun útflutningstekna og þar með auka hæturnar á óstöðugleika í þjóðarbúskapnum. Þetta

Einhæfni í þróun útflutningsins



Aukning gjaldeyris-forðans

Minnkun sjávarafla og lækkun útflutningsverðlags árin 1967 og 1968

8

kom fram í því, að engar nýjar útflutningsgreinar gátu borið sig lengur í samkeppni við sjávarútveginn, en jafnframt rýrn-aði aðstaða íslenzks iðnaðar, þar sem hann átti í samkeppni við innfluttar vörur á tiltölulega stöðugu verðlagi, en þurfti að taka á sig síhaekkandi launakostnað, er átti uppruna sinn í velgengni síldarútvegsins.


Engu að síður var unnið að því allan þennan tíma að skapa fjölbreyttari útflutningsframleiðslu, þótt árangurinn kæmi ekki fram fyrr en síðar. Mikilvægast í því efni voru samningar, sem gerðir voru um byggingu álþræðslu og kísilgúrverksmiðju í sam-vinnu við erlenda aðila. Kom gildi þeirra glöggt í ljós á því sam-dráttarskeiði, sem framundan var.

Þótt stefnan í efnahagsmálum væri á þessum árum miðuð við það að draga úr hinum miklu þensluáhrifum, sem aukning út-flutningsteknanna hafði í för með sér, reyndist ekki kleift að koma í veg fyrir verulega verðbólguþróun. Hefði slíkt varla tekizt nema með öflugum fjármálalegum aðgerðum ríkisins, þar á meðal sérstakri skattlagningu á útflutningsframleiðsluna. Fyrir slikum aðgerðum var ekki almennur skilningur né heldur á nauðsyn aðhalds í tekjuþróun. Í peningamálum var öll þessi ár rekin aðhaldssöm stefna, en hún nægði engan veginn til þess að jafna hér metin. Engu að síður bar hún þann mikilsverða árangur, að á árunum 1960 til 1966 tókst að byggja upp veru-legan gjaldeyrisforða í fyrsta skipti eftir stríðslokin. Átti hann brátt eftir að koma í góðar þarfir, þegar á móti blés.

Upp úr miðju ári 1966 fóru að sjást fyrstu merki þess, að blómaseið undanfarinna ára væri að enda. Sjávarafli það ár var að vísu nokkru meiri en árið áður, en ekki eins verðmætur, þar eð minna veiddist af verðmætari fisktegundum. Siðari hluta ársins lækkaði útflutningsverðlag, einkum á lýsi, mjöli og frystum fiskflökum.

Áföll næstu tveggja ára eru kunnari en svo, að þau þurfi að rekja hér. Nægir aðeins að benda á, að á þessum tveim árum hrappaði útflutningsverðlag sjávarafurða um rúm 15%, heildarframleiðsla sjávarafurða um 35% og gjaldeyrisverðmæti sjávarafurða yfir 45%. Er slíkt hrun útflutningstekna einstakt í hag-sögu Íslands, hvað þá meðal annarra þróaðra landa.

Hversu alvarlegur þessi afturkippur var, sést á því, að árið 1968 var gjaldeyrisverðmæti af framleiðslu sjávarafurða nær það sama og sjö árum áður. Auk þess varð það augljóst á því ári, að þessi afturkippur væri ekki tímabundið fyrirbrigði, heldur hefðu síld-veiðarnar árin 1962–66 byggzt á óvenjulegri síldargengd og sérstaklega hagstæðum aðstæðum.



Áhrifa tekjufallsins í sjávarútvegi gætti ekki í ríkum mæli í öðrum þáttum atvinnulífsins árið 1967. Það ár voru byggingarframkvæmdir enn miklar, ekki hvað sízt við Búrfellsþirkjun og álbræðsluna. Árið 1968 höfðu áhrifin aftur á móti að fullu komið fram á almennu atvinnulífi. Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð dróst þá saman um 5%, þrátt fyrir mikla aukningu framkvæmda við Búrfell og álbræðsluna. Samdrátturinn í sjávarútvegi og byggingarstarfsemi skapaði keðjuverkun, er náði svo að segja til allra annarra þátta atvinnulífsins.

Framleiðsla og tekjur

Í heild dróst þjóðarframleiðsla á mann saman um nær 11% á árunum 1967-68, en rýrnum útflutningsverðlags leiddi til svo óhagstæðra viðskiptakjara, að þjóðartekjur á mann minnkuðu um 16% á þessum tveimur árum, þannig að árið 1968 voru þær komnar niður fyrir það mark, sem þær voru í árið 1964.

Samdrátturinn í útflutningstekjunum hlaut fljótt að koma fram í rýrnudum greiðslujöfnuði og gjaldeyrisstöðu. Þegar á árinu 1967 varð halli á viðskiptajöfnuði allmikill, en í nóvember það ár, er gengi sterlingspundsins var breytt, var gengi íslenzku krónunnar lækkað um leið um 24,6%. Þessi breyting á stofngengi krónunnar reyndist ófullnægjandi til að koma á jafnvægi í viðskiptum þjóðarinnar út á við, enda urðu áföllin í utanríkisviðskiptunum sízt minni árið 1968.

Forsendur stefnunnar í efnahagsmálum

Allt árið 1967 litu stjórnvöld enn svo á, að hér væri að mestu um tímabundinn afturkipp að ræða. Töldu þau sér bera að láta áhrifanna af tekjumissi sjávarútvegsins gæta sem minnst í öðrum þáttum atvinnulífsins. Í því skyni jók Seðlabankinn útlán sín, og gjaldeyrisforðinn minnkaði. Aðgerðirnar í peningamál-

um það ár voru byggðar á þeirri forsendu, að gjaldeyristekjur af útflutningi mundu verða um 10–15% minni 1967 en árið áður. Í reynd minnkuðu þær um nær 30%.

Pegar leið fram á mitt árið 1968 og auðsætt var, að síldveiðarnar mundu algjörlega bregðast, breyttust forsendur stjórnvalda fyrir aðgerðum í efnahagsmálum til muna. Nú var auðsætt, að brestur síldveiðanna var ekki tímabundið fyrirbrigði, heldur voru allar líkur á, að ekki kæmu aftur síldarár eins og 1965 og 1966 um fyrirsjáanlega framtíð. Því varð að fara fram gagnger endurskoðun á stefnunni í atvinnumálum til að aðlagða þjóðarbúskapinn breyttum aðstæðum.

Síðari hluta ársins 1968 var gjaldeyrisforðinn orðinn ískyggi-lega lítill, og varð því að grípa til annarrar gengisbreytingar í nóvember það ár, en að þessu sinni var gengi krónunnar fellt úr 57 krónum í 88 krónur á dollar eða um 35,2%. Í heild hafði þá


Gengisbreytingin 1968 gengi krónunnar verið lækkað um rúm 51% á tveimur árum.

Með gengisbreytingunni 1968 var stefnt að gagngerðri endurskoðun á rekstrarskilyrðum atvinnulífsins. Samhliða gengisbreytingunni voru gerðar ýmsar ráðstafanir til að tryggja, að markmiðum gengisbreytingarinnar yrði sem bezt náð. Stefnt var að því að skapa sjávarútvegi nýtt svigrúm til fullrar nýtingar á afköstum útgerðar og fiskvinnslu, auk frekari þróunar til fullrar vinnslu sjávarafurða. Gengisbreytingin veitti einnig iðnaðarframleiðslunni góð rekstrarskilyrði, sem notuð yrðu til að skapa grundvöll að útflutningsframleiðslu. Í heild miðuðu efnahagsaðgerðirnar að tilflutningi framleiðslukrafta og atvinnulífs yfir í nýjar og vaxandi útflutningsgreinar og skylda starfsemi, sem rennt gætu stoðum undir áframhaldandi uppbyggingu atvinnulífsins á komandi árum.

Samdrátturinn árið 1968 hafið orðið til að rýra mjög lausafjárstöðu atvinnulífsins, og reyndist því nauðsynlegt að fylgja eftir með öflugum fjármálalegum og peningalegum aðgerðum, sem

Peningalegar aðgerðir tryggðu, að atvinnulífið gæti notfært sér þau tækifæri til uppbyggingar, sem gengisbreytingin skapaði. Seðlabankinn gerði því sérstakar ráðstafanir til að auka útlán á fyrra helmingi ársins 1969, svo sem aukningu afurðalána og sérstaka lánafyrirgreiðslu til útgerðar, iðnaðar og íbúðabygginga. Einnig voru með lögum stofnaðar atvinnumálanefndir ríkisins, er höfðu það verk með höndum að sjá um ráðstöfun 300 millj. kr. lánsfjár, er skyldi varið til atvinnuuppbyggingar.

Heildaráhrifa þessara ráðstafana tók að gæta þegar á árinu 1969, en þjóðarbúskapurinn tók smám saman að rétta sig við eftir áföll undanfarinna tveggja ára. Á því ári jókst þjóðarfram-



leiðsla á mann um 2%, en þjóðartekjur um 3%. Atvinnuleysi, er verið hafði tölувert árið 1968, hvarf einnig að mestu, er leið á árið.

Hinn öri efnahagslegi bati, sem hófst á árinu 1969, hélt áfram á árinu 1970, en þá má segja, að til fulls hafi skilað sér árangur hinna ströngu efnahagslegu aðgerða árið 1968. Hin bættu sam-

Hagvöxturinn 1970 og keppnishæfni innlendrar framleiðslu bæði á heimamarkaði og grundvöllur hans

Jafnframt hafði atvinnureksturinn komist úr fjárhagslegum þrengingum undanfarinna ára, og gat hann því betur nýtt þau tækifæri, er gáfust. Einnig munaði um það, að nýjar framleiðslugreinar, svo sem álbraeðslan og framleiðsla kísilgúrs og iðnaðarvara til útflutnings, voru nú farnar að skila talsverðum afrakstri í þjóðarbúið.

Stærstan hlut að aukningu þjóðartekna og útflutnings átti þó sjávarútvegurinn, er kröftum hans var í vaxandi mæli beint að nýjum verkefnum, er komu í stað sildveiðanna. Auk hinna bættu efnahagslegu skilyrða, sem sjávarútveginum voru nú búin, bötnuðu ytri aðstæður einnig verulega, bæði erlent verðlag og aflabréögð.

Sjávarafli og útflutningsverðlag Sjávaraflinn jókst á árinu í 760 þús. tonn úr 704 þús. tonnum árið 1969. Var hér bæði aukinni sjósókn og meiri aflaseld að þakka, en allar tegundir sjávarafa jukust, að sild undanskilinni.

Þannig varð þorskaflinn 495 þús. tonn (459 þús. tonn 1969) og loðnuafinn 191 þús. tonn (171 þús. tonn 1969). Þótt sjávarafli árið 1970 hafi aukizt að magni um 8%, er hann þó aðeins

um 62% af því hámarki, er hann komst í árið 1966. Hins vegar er gjaldeyrisverðmæti hans árið 1970 ekki nema tæpum 10% undir verðmæti ársins 1966, en það er ekki sízt að þakka því, að meira er nú veitt af verðmætari fisktegundum, er koma í stað síldar-aflans áður.

Verðlag sjávarafurða erlendis hækkaði árið 1970 um 22% að ársmeðaltali frá árinu áður. Þyngst er þar á metunum verð-hækkun á frystum fiski 22,5%, en þýðingarmiklar hækkanir áttu sér og stað á þorskmjöli, 29,4%, loðnummjöli 34,0%, loðnulýsi 91,2%, venjulegri saltsild 131,8% og sérverkaðri saltsild 24,3%. Fyrir utan sjávarafurðir jókst útflutningur áls, kísilgúrs og annarra iðnaðarvara mjög mikið, en alls nam útflutningur annarra vara en sjávarafurða um 22% af heildarútflutningi á árinu 1970. Þegar við þetta bætast vaxandi duldar tekjur af flugsamgöngum, ferðamennsku o. fl., er ljóst, að þegar hefur dregið nokkuð úr einhæfni gjaldeyrisöflunar Íslendinga.

Eins og getið var hér að framan, er vöxtur þjóðarframleiðslunnar 1970 í verulegum mæli þeim efnahagsaðgerðum að þakka, sem gerðar voru eftir gengisbreytinguna 1968. Kemur það fram í mjög auknum vexti þeirra greina atvinnulífsins, er nutu beins ávaxtar af þeim aðgerðum, en hins vegar er viðgangur þeirra atvinnugreina, er bíða verða almenns uppgangs í þjóðarbúskapnum, nokkru minni. Þannig jókst almenn iðnaðarframleiðsla utan áls og kísilgúrs um 10%, en byggingarstarfsemi ekki nema um 4–5% og framleiðsla annarra greina um 5–6%.

Ráðstöfun þjóðartekna beindist fyrst og fremst að aukinni einkaneyzlu. Jókst hún um það bil um 13% að magni eftir að hafa dregið saman um 11,4% á árunum 1968—69. Samneyzla óx um 4,5% eða heldur meira en 1969, en þá jókst hún um 2,2%. Fjármunamyndun jókst um 7,9%, þrátt fyrir mun minni framkvæmdir við Búrfell, álverið og Straumsvíkurhöfn en árið áður. Um þriðjungs aukning varð á annarri fjárfestingu atvinnuveganna, og gætir þar einkum áhrifa af aðgerðum í atvinnumálum í kjölfar gengisbreytingarinnar 1968. Hins vegar munu íbúðabyggingar lítið hafa breytzt frá fyrra ári, þrátt fyrir aukin opinber útlán til þeirra.

Á árinu 1970 má enn fremur heita, að síðustu leifar af almennum atvinnuskorti samdráttaráranna hafi horfið, en í stað þess fór að bera á vaxandi vinnaflsskorti í ýmsum mikilvægum greinum. Enn er þó um árstíðabundinn atvinnuvanda að ræða á einstökum stöðum, en hann stafar frekar af staðbundnum skorti á atvinnuuppbyggingu en af almennum atvinnuskorti í þjóðfélaginu. Meðalatvinnuleysi ársins 1970 var um 1,3% af mannafla, en árið 1969 var það um 2,5%. Í heild er talið, að

Framlag atvinnugreina til þjóðarframleiðslunnar

Ráðstöfun þjóðartekna

atvinnna hafi aukizt um 4% frá 1969 til 1970, en milli 1968 og 1969 hélzt hún svo til óbreytt.

Kröfur um kjarabætur

Hinn mikli afturbati í framleiðslu og greiðslujöfnuði, einkum síðari hluta árs 1969 og á fyrra helmingi ársins 1970, bætti verulega afkomu fyrirtækja og þjóðarbúsins í heild. Það var því óhjákvæmilegt, að launþegar gerðu kröfur til verulegra kjaraþóta, þegar samningar runnu út vorið 1970. Einnig ýtti það undir slíka kröfugerð, að launþegar höfðu tekið á sig verulega kjararýrnun á árunum 1968 og 1969, þegar efnahagserfiðleikarnir voru mestir. Sú augljósa hætta vofði því yfir, að hin hagstæðu efnahagslegu skilyrði yrðu tilefni til kauphækkana, er færðu fram yfir eðlilega greiðslugetu atvinnuveganna og kæmu af stað víxlhækkunum kaupgjalds og verðlags, er yrðu upphaf nýrrar verðbólguöldu.

Tillögur um gengis-hækkun

Við þessar aðstæður hlaut sú spurning að liggja beint við, hvort ekki væri unnt að tryggja almenningi þá kjarabót, sem efnahagsbatinn óneitanlega gaf tilefni til, án þess að það leiddi til óæskilegra verðhækkana. Niðurstaða þeirra athugana, sem gerðar voru í þessu efni á vegum Seðlabankans og Efnahagsstofnunarinnar, leiddu til þess, að lagðar voru fram tillögur um það, að gengi íslenzku krónunnar yrði hækkað um u. þ. b. 10%, jafnframt því sem reynt yrði að stuðla að hóflegri lausn kjaraðeilunnar. Talið var, að slíkar aðgerðir gætu tryggt verulega hækkun rauntekna, án þess að innlent verðlag þyrfti að hækka svo að nokkru næmi. Mundi því skapast æskilegt jafnvægis-ástand í verðlagsmálum eftir sveiflur undanfarinna ára.

Þjóðarframleiðsla og verðmætaráðstöfun 1970.

(Bráðabirgðatölur).

	Millj. kr. á verðlagi ársins 1970	Raunverulegur vöxtur f. f. á. i %
Þjóðarframleiðsla á markaðsvirði	42.160	+ 6,0
Innflutningur vöru og þjónustu	20.470	+26,9
Heildarverðmæti til ráðstöfunar	62.630	+13,6
<i>Ráðstöfun:</i>		
Útflutningur vöru og þjónustu	21.195	+19,8
Ráðstöfun innanlands	41.435	+10,5
Einkaneyzla	27.545	+12,6
Samneyzla	4.050	+ 4,5
Fóst fjármunamyndun	10.210	+ 7,9
Birgðabreyting útfluttra vara og bústofns	÷ 370	
<i>Geiraskipting fastrar fjármunamyndunar:</i>		
Atvinnuvegirnir	4.630	+ 31
Íbúðarhús	2.115	0
Byggingar og mannvirkni hins opinbera	3.465	÷ 12

Eftir rækilega könnun þessa máls á vegum ríkisstjórnarinnar og viðtöl við helztu hagsmunasamtök komst hún að þeirri niðurstöðu, að ekki væri stjórmálalegur grundvöllur fyrir gengishækkun. Væri of mikil áhætta að taka slikt skref, þegar litlð væri til hinnar miklu óvissu, sem framundan væri í launamálum. Varð því ekkert úr þessum ráðagerðum, en í stað þeirra hófust erfiðar vinnudeilur, er kostuðu langvarandi verkföll.

Niðurstaða launasamninganna varð í aðalatriðum sú, að laun hækkuðu almennt um nær 18% auk verulegra hækkana, er stöfuðu af vísitöluákvæðum samninganna. Leiddi þetta til þess, að laun voru almennt orðin 25,6% hærri í september en fyrir launahækkanirnar í lok maí. Í heild er tímakaup verkamanna og iðnaðarmanna talið vera 23,7% herra að meðaltali á árinu 1970 en 1969.

Á árunum 1968 og 1969 stöfuðu verðhækkanir aðallega af völdum gengisbreytinganna, en árið 1970 má einkum rekja verðhækkanirnar til hinna almennu kauphækkana á því ári. Fram að verðstöðvun árið 1970 hækkaði neyzluvöruverðlag um 14,9% umfram meðaltal ársins á undan, en árið 1969 var meðaltalshækkunin 24,1%. Um mitt árið 1970 þótti sýnt, að víxlhäuserkkanir kaupgjalds og verðlags mundu magnast án afláts á næstu mánuðum, yrði ekkert að gert. Hurfu þá stjórnvöld að því ráði að koma á almennri verðstöðvun með lögum, og tók hún gildi í nóvember og skal gilda fram til 1. september 1971. Var megin tilgangur hennar að stöðva víxlhäuserkkanir kaupgjalds og verðlags og tryggja tímabil stöðugs verðlags, er gefið gæti svigrúm til að leita varanlegri lausnar í launa- og verðlagsmálum.

Um áramót voru horfur á því, að vöxtur þjóðarframleiðslu mundi halda áfram á árinu 1971 með svipuðum hraða og 1970. Vegna hinna miklu kauphækkana er hins vegar útlit fyrir það, að heildareftirspurn aukist mun meira frá fyrra ári, einkum einkaneyzla og í minna mæli fjármunamyndun. Þótt horfur um útflutningsframleiðslu séu allgóðar og verðlag á sjávarafurðum erlendis hækandi, er búzt við því, að hin aukna eftirspurn leiði til allmiklu meiri aukningar á innflutningi en útflutningi á árinu 1971. Það má því búast við því, að viðskiptajófnuðurinn við útlönd verði mun óhagstæðari en á árinu 1970.

Af þessu leiðir, að nauðsynlegt er að hamla á móti frekari eftirspurnarþenslu á árinu 1971 með aðhaldi í peninga- og fjármálum, jafnframt því sem reynt verði að koma í veg fyrir kostnadarhækkanir innanlands umfram raunverulega framleiðsluaukningu.

Launahækkanir

Verðstöðvun

Horfur á árinu 1971

GREIÐSLUJÖFNUÐUR

Hagstæð þróun viðskiptajafnaðar

Þær bráðabirgðatölur, sem nú liggja fyrir um afkomu þjóðarbúsinns út á við á árinu 1970, sýna hagstæða þróun flestra þátta greiðslujafnaðarins, þegar litið er á árið í heild. Vöruskiptajöfnuður er áætlaður hagstæður um 230 millj. kr. og þjónustujöfnuður um 495 millj. kr., þannig að viðskiptajöfnuður er talinn hagstæður um 725 millj. kr., en árið áður varð viðskiptajöfnuðurinn hagstæður um rúmlega 390 millj. kr. Fjármagnsinnflutningur varð hins vegar miklu minni á árinu 1970 en mörg undanfarin ár, og varð því heildargreiðslujöfnuður, eins og hann kemur fram í bættri gjaldeyrisstöðu, ekki alveg eins hagstæður og árið áður og nam 1.200 millj. kr. samanborið við 1.685 millj. kr. 1969, en á því ári varð heildargreiðslujöfnuður hagstæðastur á tíu ára tímabilinu 1961—1970. Árið 1962 er annað hagstæðasta árið á fyrrgreindu tímabili, en þá varð heildargreiðslujöfnuður hagstæður um 1.276 millj. kr. miðað við núverandi gengi, árið 1970 er þriðja hagstæðasta árið, eins og sjá má á línuriti um greiðslujöfnuð á 21. bls.

Þróun útflutningsframleiðslunnar varð hagstæð á árinu bæði um magn og verð. Jókst verðmæti útflutningsframleiðslunnar á árinu 1970 um 25% frá árinu áður, og er þá álframleiðsla undanskilin bæði árin. Framleiðsluverðmæti álafurða nam um 1.930 millj. kr. á árinu 1970, en rúmlega 600 millj. kr. árið áður. Verðmæti útfluttrar vörur að undanskildu áli nam tæplega 11.200 millj. kr. á árinu 1970, en það er rúmlega 90% af verðmæti útfluttrar vörur á árinu 1966, en á því ári náði verðmæti útfluttrar vörur hámarki á tímabilinu 1961—1970, eins og sést á línuriti um viðskiptajöfnuð á 19. bls., þar sem sjá má þróun útflutnings og innflutnings á þessu tímabili.

Tafla á næstu síðu sýnir skiptingu útflutnings á helztu vöruflokkum sl. fimm ár, og sýnir hún vaxandi fjölbreytni í útflutningi, einkum síðustu tvö árin. Á árinu 1966 námu sjávarafurðir 93% af heildarútflutningi, en námu á árinu 1970 78% af heildarútflutningi, en hins vegar nam útflutningur á áli

Aukning útflutnings

*Útflutningur helztu vöruflokka.
(Í millj. kr. á stofngengi 88,00 kr.)*

	1966	1967	1968	1969	1970
<i>Sjávarafurðir:</i>					
Sælfiskur	1.120	860	1.042	1.027	1.163
Ísfiskur	307	276	316	513	719
Freðfiskur	2.471	2.035	2.179	3.109	4.535
Síld og síldarafurðir	5.435	3.160	1.518	962	976
Loðna og loðnuafurðir	271	229	125	394	592
Aðrar sjávarafurðir	1.845	1.128	1.165	1.731	2.096
<i>Sjávarafurðir, samtals</i>	11.449	7.688	6.345	7.736	10.081
<i>Landbúnaðarafurðir:</i>	493	500	613	591	435
<i>Iðnaðarvörur:</i>					
Ál	—	—	—	519	1.708
Kíslgúr	—	—	15	65	127
Aðrar iðnaðarvörur	202	172	150	266	392
<i>Iðnaðarvörur, samtals</i>	202	172	165	850	2.227
<i>Aðrar vörur:</i>	220	256	115	289	154
<i>Útflutningur, alls</i>	12.364	8.616	7.238	9.466	12.897

um 13% af heildarútfutningi á árinu 1970. Útflutningur á öðrum iðnaðarvörum nam um 2% af heildarútfutningi 1966, en um 4% 1970, og er þá kíslgúr talinn þar með, en útflutningur á kíslgúr nam um 1% af heildarútfutningi 1970. Innan sjávarafurða hefur aðalbreytingin orðið sú, að hlutur síldarafurða hefur stórminnkað, en hlutdeild síldarafurða nam um 44% af heildarútfutningi 1966, en hins vegar aðeins rúnum 7% 1970. Hlutdeild þorskafurða hefur á hinn bóginn vaxið mjög, einkum freðfisks, og nam um 35% af heildarútfutningi 1970.

Helztu breytingar á skiptingu útflutnings á lönd á árinu 1970 samkvæmt verzlunarskýrslum voru þær, að hlutfallslega jókst útflutningur til Bandaríkjanna úr tæplega 28% í rúmlega 30% af heildarútfutningi. Hlutdeild landa Fríverzlunarsvæðisins jókst úr 36,7% í 38,3% af heildarútfutningi og hlutdeild Efnahagsbandalagsins úr 15,6% í 16,8% af heildarútfutningi. Hlutfallsleg minnkun varð á útflutningi til Austur-Evrópulanda úr 11,4% í 10,1% af heildarútfutningi. Þá minnkaði útflutningur hlutfallslega til nokkurra annarra landa, einkum Nigeríu og Brasilíu. Ef litið er á þróun á skiptingu útflutnings á lönd yfir lengra tímabil, t. d. sl. tíu ár, er mesta breytingin sú, að útflutningur til Bandaríkjanna hefur aukzt úr rúmlega 14% í 30% af heildarútfutningi. Hins vegar hefur útflutningur til Austur-Evrópulanda minnkað úr 14% í 10% af heildarútfutningi. Þá hefur hlutdeild landa Fríverzlunarsvæðisins lækkað úr tæpum 44% af heildarútfutningi 1961 í rúmlega 38% 1970. Hlutdeild landa

**Skipting útflutnings
á lönd**

Útflutningsvörubirgðir

Efnahagsbandalagsins er því nær óbreytt. Útflutningur til Nígeríu hefur lækkað úr 4% í 0,4% af heildarútflutningi.

Verðmæti útflutningsvörubirgða lækkaði um 250 millj. kr. á árinu 1970, þegar miðað er við verðlag birgða í ársbyrjun annars vegar og verðlag í árslok hins vegar og birgðir af áli ekki meðtaldar. Á árinu 1969 lækkaði verðmæti birgða um 43 millj. kr., gert upp á sama hátt. Birgðir af fullunnu áli jukust um 4.437 tonn á árinu.

Almennur innflutningur jókst um rúmlega 32% miðað við árið 1969, en vöruinnflutningur í heild jókst um 34%. Mikil aukning varð á skipainnflutningi, sem jókst úr 47 millj. kr. 1969 í 850 millj. kr. 1970. Er hér um að ræða hafrannsóknaskipið Bjarna Sæmundsson, tvö farskip Eimskipafélags Íslands, þrjá litla skuttagara og tvo aðra fiskibáta. Allmikil lækkun varð á innflutningi vegna framkvæmda við Búrfell, en samanlagður innflutningur vegna fjárfestingar og rekstrar álbraeðslu var svipaður og árið áður.

Skipting hinnar miklu aukningar á almennum innflutningi er ójöfn yfir árið og er langmest á síðasta ársfjórðungi, og nam aukningin rúmlega 50% í nóvember og tæplega 60% í desember miðað við sömu mánuði árið áður, og virðast því áhrif launa-hækkananna um sumarið fljótt hafa komið fram í aukinni eftir-spurn eftir innflutnum vörum.

Skipting innflutningsá lönd

Helztu breytingar á skiptingu innflutnings á lönd 1970 samkvæmt verzlunarskýrslum voru þær, að innflutningur frá löndum Fríverzlunarsvæðisins jókst úr 41% í 43% af heildarinnflutningi, en innflutningur frá Austur-Evrópulöndum lækkaði úr 12,3% í 10,7% af heildarinnflutningi. Innflutningur frá Bandaríkjunum og Kanada lækkaði úr 8,9% í 8,3% af heildarinnflutningi. Hlutdeild landa Efnahagsbandalagsins var óbreytt og nam 27,5% af heildarinnflutningi. Súral til álbraeðslunnar var á árinu 1970 flutt inn frá Surinam og var að verðmæti 410 millj. kr. eða 3% af heildarinnflutningi ársins. Árið 1969 var súral flutt inn frá Guineu fyrir rúmlega 280 millj. kr. Ef litið er á þróun á skiptingu innflutnings sl. 10 ár, sést, að innflutningur hefur aukizt hlutfallslega bæði frá löndum Fríverzlunarsvæðisins, þar sem aukningin er úr tæplega 32% 1961 í 43% 1970 af heildarinnflutningi, og frá löndum Efnahagsbandalagsins, þar sem um er að ræða aukningu úr 19,7% af heildarinnflutningi 1961 í 27,5% 1970. Hins vegar hefur orðið mjög mikill samdráttur hlutfallslega í innflutningi frá Austur-Evrópulöndum, þar sem lækkun hefur orðið úr rúmlega 23% af heildarinnflutningi 1961 í 10,7% 1970. Á innflutningi frá Bandaríkjunum og


Hagstæður vöruskiptajöfnuður

Í Kanada hefur orðið hlutfallsleg lækkun úr 16,3% af heildarinnflutningi 1961 í 8,3% 1970.

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri varð vöruskiptajöfnuðurinn hagstæður um 230 millj. kr. á árinu 1970. Árið áður var vöruskiptajöfnuðurinn hagstæður um 3 millj. kr. samkvæmt lokauppgjöri. Í framangreindum tölum er innifalinn innflutningur vegna skipa, flugvéla, virkjunarframkvæmda við Búrfell, álbræðslunnar í Straumsvík og varnarliðsins, en alls nam þessi innflutningur um 2.046 millj. kr. á árinu 1970. Ef þessi sérstaki innflutningur, sem að mestu leyti er greiddur með erlendu lánsfé og fé erlendra aðila, væri undanskilinn og jafnframt væri frá útflutningi dreginn útflutningur á áli, sem nam 1.708 millj. kr. á árinu, myndi vöruskiptajöfnuðurinn vera hagstæður um tæpar 570 millj. kr., en árið áður myndi vöruskiptajöfnuðurinn, gerður upp á sama hátt, hafa verið hagstæður um 911 millj. kr.

Inn- og útfluttar vörur eru hér gerðar upp á sama hátt, hvort tveggja á f.o.b.-grundvelli. Framangreindar tölur eru nokkuð frábrugðnar þeim tölum, sem Hagstofan birtir um vöruskiptin við útlönd, en þar er útflutningur reiknaður á f.o.b.-verði, en innflutningur á c.i.f.-verði. Nam hallinn á vöruskiptum við útlönd samkvæmt skýrslum Hagstofunnar 946 millj. kr. á árinu 1970 og 1.390 millj. kr. á árinu 1969. Raunhæfari vöruskiptajöfnuður fæst hins vegar, ef inn- og útfluttar vörur eru gerðar upp á sama grundvelli, eins og venja er í greiðslujafnaðarskýrslum. Þarf þá að gera ýmsar tilfærslur og breytingar á þeim tölum, sem Hagstofan birtir um inn- og útfluttar vörur. Að jafnaði munar þar mestu, að frá innflutningstöldum Hagstofu eru dregin flutningsgjöld og annar innflutningskostnaður, en jafnframt bætt við þeim innflutningi, sem ekki er færður þar á skýrslur, svo sem innflutningi vegna varnarliðsins o. fl. Þá þarf stundum að gera leiðréttigar á tímasetningu til þess að fá sem réttast ársyfirlit, eins og t. d. á innflutningi vegna byggingar álbræðslu, sem ekki hefur alltaf komið á innflutningsskýrslur á því ári, sem innflutningur hefur átt sér stað á.

Útflutningstölur í verzlunarskýrslum eru í meginatriðum á f.o.b.-grundvelli, en síðan 1968 er þó útflutningur ísfisks talinn á c.i.f.-verði, þar sem áætlaður flutningskostnaður hefur ekki verið dreginn frá útflutningstölunum. Þarf því að leiðréttu útflutningstölur sem þessum áætlaða flutningskostnaði nemur, en hann færist aftur til tekna á samgöngulið þjónustujafnaðar í greiðslujafnaðaryfirliti.



Þjónustujöfnuður

Til þjónustujafnaðarins teljast tekjur og gjöld af samgöngum, ferðalögum, tryggingum, vaxtagreiðslum, varnarliðsviðskiptum o. fl. Samkvæmt bráðabirgðayfirliti er áætlað, að þjónustutekjur, þ. e. útflutt þjónusta, hafi numið 8.365 millj. kr. á árinu 1970, en þjónustugjöld, þ. e. innflutt þjónusta, 7.870 millj. kr., og er þjónustujöfnuðurinn þannig áætlaður hagstæður um 495 millj. kr. á árinu 1970 á móti 388 millj. kr. hagstæðum jöfnuði 1969. Meðtalið í gjöldum á árinu 1970 eru 655 millj. kr. vegna álbraðslu, en á árinu 1969 eru meðtalin í gjöldum 515 millj. kr. vegna álbraðslu. Að frátöldum gjöldum vegna álbraðslu hefði þjónustujöfnuðurinn orðið hagstæður um 1.150 millj. kr. á árinu 1970 og um rúmlega 900 millj. kr. 1969. Þýðing þjónustuliðanna í greiðslujöfnuði hefur farið vaxandi undanfarinn áratug, þannig námu þjónustutekjur sl. tvö ár um 40% af heildartekjum af vörum og þjónustu, en um 43%, ef undan eru skildar tekjur af álbraðslu, á móti 30% 1961. Þjónustugjöld að undanskildum gjöldum vegna álbraðslu námu á árinu 1970 um 38% af heildargjöldum vegna vörum og þjónustu, en samsvarandi hlutfall var um 30% 1961.

Af einstökum liðum þjónustujafnaðarins er samgönguliðurinn mikilvægastur, og námu tekjur af samgöngum um 55% af heildartekjum af þjónustu á árunum 1969 og 1970. Á árinu 1961 var þetta hlutfall um 47%, og hafa því tekjur af samgöngum aukizt nokkru meir en þjónustutekjur í heild. Tekjur af erlendum ferðamönnum hafa aukizt ört á sl. 10 árum, og er þar um að

ræða meiri hlutfallslega aukningu en á nokkrum öðrum lið í þjónustutekjunum. Til tekna af erlendum ferðamönnum er aðeins talinn sá hluti, sem bankarnir kaupa í gjaldeyri vegna erlendra ferðamanna, þar með taldar tekjur fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli. Hins vegar eru fargjöld, sem erlendir ferðamenn greiða með íslenzkum farartækjum, talin á samgönguliðnum og eru mjög stór hluti í þeim lið. Af gjaldaliðum þjónustujafnaðarins er samgönguliðurinn langstærstur, en mestar sveiflur eru á útgjöldum vegna ferðalaga, enda er þessi liður mjög næmur fyrir allmennum tekjusveiflum.

Í gjöldum vegna ferðalaga er talinn með náms- og sjúkrakostnaður. Ef náms- og sjúkrakostnaður er dreginn frá útgjöldum vegna ferðalaga, verður jöfnuðurinn á ferðalagaliðnum hagstæður um 55 millj. kr. 1969 og 14 millj. kr. 1970. Á meðfylgjandi töflu eru sýndir helztu liðir þjónustujafnaðarins á árunum 1961 til 1970.


Helztu liðir þjónustujafnaðar 1961—1970.

(Í millj. kr. á stofngengi 88,00 kr.)

	Ferðalög	Sam-göngur	Trygg-ingar	Vextir	Varnar-lið	Ýmislegt	Samtals
<i>Tekjur:</i>							
1961	72	1.472	182	37	1.001	339	3.103
1962	102	1.966	600	87	918	313	3.986
1963	131	2.094	713	101	788	365	4.192
1964	194	2.558	698	127	589	475	4.641
1965	213	3.250	864	164	718	487	5.696
1966	237	3.422	1.056	190	913	540	6.358
1967	258	3.520	1.200	182	1.334	647	7.141
1968	269	3.565	950	116	959	571	6.430
1969	320	3.710	895	165	996	635	6.721
1970	440	4.500	1.100	310	1.265	750	8.365
<i>Gjöld:</i>							
1961	242	1.550	369	296	—	162	2.619
1962	311	1.894	666	289	—	259	3.419
1963	477	2.128	745	304	—	352	4.006
1964	690	2.273	815	354	—	364	4.496
1965	857	2.828	972	428	—	469	5.554
1966	1.109	2.980	1.168	469	—	663	6.389
1967	1.244	3.270	1.345	563	—	649	7.071
1968	573	3.045	1.197	658	—	784	6.257
1969	395	2.990	1.143	760	—	1.045	6.333
1970	580	4.100	1.300	770	—	1.120	7.870

Fjármagnsjöfnuður

Helztu þættir fjármagnsjafnaðarins eru innkomin lán til lengri tíma en eins árs, endurgreiðslur slíkra lána, stutt vörukaupalán, erlent einkafjármagn og ýmsar aðrar fjármagnshreyfingar. Af erlendum lánum til eins árs eða lengri tíma voru alls notaðar um 930 millj. kr., þar af námu lántökur einkaaðila 530 millj. kr., að mestu leyti vegna skipakaupa. Lántökur opinberra aðila



námu um 400 millj. kr., þar af voru 190 millj. kr. vegna haf-rannsóknaskips. Endurgreiðslur af föstum lánum námu alls 1.765 millj. kr., þar af 1.015 millj. kr. af einkalánum, en 750 millj. kr. af opinberum lánum.

Samkvæmt þessum tölum, sem allar eru byggðar á bráðabirgða-yfirliti, lækkuðu föst erlend lán einkaaðila um 485 millj. kr., og opinber lán lækkuðu um 350 millj. kr. Heildarskuldir þjóð-arbúsins í formi fastra lána hafa því lækkað um 835 millj. kr. á árinu 1970. Árið áður hækkuðu föst erlend lán um 132 millj. kr. Stutt erlend vörukaupalán hækkuðu um 449 millj. kr. á árinu 1970, en árið áður hækkuðu þau um 168 millj. kr. Innkomin framlög hinna Norðurlandanna til Iðnþróunarsjóðs námu 269 millj. kr., og er það innifalið í liðnum aðrar fjármagnshreyfingar opinberra aðila á greiðslujafnaðaryfirliti. Innkomið erlent áhættu-fjármagn vegna atvinnurekstrar nam 350 mill. kr. á árinu, og var það allt á vegum Íslenzka álfélagsins hf.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuðinn 1970, þar sem einnig eru tilgreindar endanlegar tölur fyrir árin 1968 og 1969 til samanburðar. Liðurinn sérstök dráttar-réttindi eru sérstök gjaldeyrisréttindi, sem Alþjóðagjaldeyris-sjóðurinn úthlutaði Íslandi í ársbyrjun 1970, en nánar er frá því skýrt síðar í skýrslunni. Eins og yfirlitið sýnir varð heildar-greiðslujöfnuðurinn, eins og hann kemur fram í breytingu á gjaldeyrisstöðu bankanna, hagstæður um 1.200 millj. kr., og er það að frádreginni 75 millj. kr. stöðubreytingu, sem stafar af bókhaldslegu endurmati og tilfærslum.

Heildargreiðslu-jöfnuður


Greiðslujöfnuður við útlönd
(í millj. kr. á stofngengi 88,00 kr.)

	1968	1969	1970
<i>Vörur og þjónusta:</i>			
Innflutningur	÷ 11.515	÷ 9.408	÷ 12.600
(þar af vegna álbraðslu)	(÷ 885)	(÷ 952)	(÷ 934)
Útflutningur	+ 7.291	+ 9.411	+ 12.830
(þar af vegna álbraðslu)	(—)	(+ 519)	(+ 1.708)
 Vöruskiptajöfnuður	 ÷ 4.224	 + 3	 + 230
Þjónustujöfnuður	+ 173	+ 388	+ 495
 Viðskiptajöfnuður	 ÷ 4.051	 + 391	 + 725
Framlög án endurgjalds, nettó	÷ 78	÷ 72	÷ 30
Sérstök dráttarréttindi	—	—	+ 222
 <i>Fjármagnshreyfingar:</i>			
Opinberar lántökur, nettó	+ 2.043	+ 1.071	÷ 350
Lántökur einkaaðila, nettó	÷ 591	÷ 939	÷ 485
Erlent einkafjármagn	+ 1.320	+ 1.450	+ 350
Aðrar hreyfingar, nettó	÷ 46	÷ 145	+ 670
 Fjármagnsjöfnuður	 + 2.726	 + 1.437	 + 185
Skekkjur og vantalið, nettó	+ 97	÷ 71	+ 98
Heildargreiðslujöfnuður	÷ 1.306	+ 1.685	+ 1.200

I 3. töflu í töflusafni aftast í skýrslunni er nánara yfirlit um greiðslujöfnuðinn við útlönd á árunum 1966–1970, og í 4. töflu er ársfjórðungslegt yfirlit um greiðslujöfnuð 1969 og 1970. Tölur fyrir árið 1970 eru að sjálfsögðu bráðabirgðatölur, og ársfjórðungsskipting 1969 er að nokkru leyti áætluð.

Á fyrsta ársfjórðungi 1970 varð viðskiptajöfnuður hagstæður um 170 millj. kr., 520 millj. kr. á öðrum ársfjórðungi, 825 millj. kr. á þriðja ársfjórðungi, en óhagstæður um 790 millj. kr. á síðasta ársfjórðungi. Á síðasta ársfjórðungi voru skip flutt inn fyrir tæpar 600 millj. kr., en jafnvel að því frá töldu er um að ræða mjög aukinn halla á viðskiptajöfnuði, frá því sem verið hefur undanfarið hálf annað ár. Á árinu 1969 var viðskiptajöfnuðurinn óhagstæður á fyrsta og öðrum ársfjórðungi, en hagstæður á þriðja og fjórða ársfjórðungi, einkum á fjórða ársfjórðungi, en þá varð jöfnuðurinn hagstæður um tæpar 600 millj. kr.

Heildargreiðslujöfnuður varð hagstæður á öllum ársfjórðungum 1969 og fyrstu þremur ársfjórðungum 1970, en varð óhagstæður um rúmar 200 millj. kr. á síðasta ársfjórðungi 1970.



Gjaldeyrisstaða

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjaldeyrisstöðu bankanna við árslok sl. þrjú ár, skipt á Seðlabanka og viðskiptabanka og enn fremur skipt á frjálsan gjaldeyri og vöruskiptagjaldeyri. Eru tölurnar umreiknaðar í íslenzkar krónur samkvæmt skráðu gengi í hver árslok. Seðlabankinn endurgreiddi Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í nóv-

Gjaldeyrisstaða bankanna

(Í millj. kr.)


	1968	1969	1970
<i>Seðlabankinn:</i>			
Frjáls gjaldeyrir og gull:			
Eignir	2.512	3.429	4.727
Skuldir	1.225	1.319	1.067
Frjáls gjaldeyrir, nettó	1.287	2.110	3.660
Vöruskiptareikningar:			
Eignir	52	7	12
Skuldir	204	115	89
Vöruskiptareikningar, nettó	÷ 152	÷ 108	÷ 77
Nettóstaða Seðlabankans	1.135	2.002	3.583
Viðskiptabankar:			
Erlendar eignir	110	438	167
Erlendar skuldir*	943	452	487
Samtals	÷ 833	÷ 14	÷ 320
<i>Gjaldeyrisstaða bankanna:</i>			
Frjáls gjaldeyrir	454	2.096	3.340
Vöruskiptagjaldeyrir	÷ 152	÷ 108	÷ 77
Alls	302	1.988	3.263

* Þar af útflutningsvöruvíxlari 1967: 253 m. kr., 1968: 447 m. kr. og 1969: 73 m. kr.

ember sl. tvö jöfnunarlán (compensatory financing) samtals að upphæð 7,5 millj. dollara. Bæði þessi lán voru á sínum tíma tekin til þess að treysta gjaldeyrisstöðuna, þegar mikil rýrnun hafði orðið í útflutningsframleiðslunni. Var fyrra lánið tekið í október 1967, en síðara lánið tekið í nóvember 1968. Samkvæmt reglum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er endurgreiðsla jöfnunarlána háð þróun útflutningstekna, en þó skulu lánin greiðast að fullu á þremur til fimm árum. Þróun útflutningsframleiðslunnar var það hagstæð á árunum 1969 og 1970, að unnt var að endurgreiða þessi lán að fullu í nóvember sl., eins og áður var sagt. Til endurgreiðslu á lánunum var að hluta varið 2,0 millj. dollurum af þeim 2,5 millj. dollarum í sérstökum dráttarréttindum, sem Ísland fékk úthlutað í janúar 1970.

Í árslok 1970 skuldaði Seðlabankinn Alþjóðagjaldeyrissjóðnum 7,5 millj. dollara yfirdráttarlán, sem tekið var í mars 1969 til þess að styrkja gjaldeyrisstöðuna, en sú skuld var að fullu endurgreidd í janúar 1971.

Í 5. töflu aftast í skýrslunni er nánara yfirlit um gjaldeyrisstöðu bankanna síðan 1960, og er þar sýnd mánaðarleg gjaldeyrisstaða sl. tvö ár.



Viðskiptasamningar

Hinn 19. maí 1970 var undirritaður nýr viðskipta- og greiðslusamningur milli Íslands og Ungverjaland, er gildir frá 1. júní 1970 til 31. maí 1975. Með samningi þessum eru tekin upp viðskipti í frjálsum gjaldeyri milli landanna í stað jafnvirðiskaupaviðskipta, sem áður voru í gildi. Sérstakur samningur um bankaviðskipti var síðan gerður milli Seðlabanka Íslands og Magyar Nemzeti Bank, er þar gert ráð fyrir, að greiðslur fari fram í frjálsum dollurum um reikning Seðlabankans við hinn erlenda banka.

Á árinu var viðskipta- og greiðslusamningur milli Íslands og Tékkoslóvakíu, sem gildi hafði til septemberloka 1970, framlengdur með bókun um eitt ár. Viðskiptasamningur við Pólland var í gildi óbreyttur á árinu. Endurskoðað var greiðslufyrirkomulag, sem gilt hafði milli Seðlabanka Íslands og Þjóðbanka Brasilíu frá 1. september 1968, og gerir núverandi samkomulag ráð fyrir greiðslum á grundvelli Bandaríkjadollars í stað sterlingspunda eins og áður var.

Vöruskiptasamningar á jafnvirðiskaupagrundvelli voru óbreyttir í gildi á árinu 1970 við Rúmeníu, Rússland og auk þess samningur við Austur-Íþýzkaland, sem byggður er á einkaviðskiptum.

Auk framangreindra samninga voru í gildi almennir viðskiptasamningar við eftirtalin lönd á árin 1970: Bandaríkin, Bretland, Búlgaríu, Danmörku, Finnland, Frakkland, Írland, Ísrael, Júgóslavíu, Kúbu, Spán, Svíþjóð og Vestur-Íþýzkaland.

Stofngengi íslenzkrar krónur var óbreytt á árinu 1970, 88,00 krónur í einum Bandaríkjadollar, en það svarar til þess, að ein íslenzk króna sé jöfn $0,0100985$ gr. af skíru gulli. Á árinu var kaup- og sölugengi á Bandaríkjadollar fast, og var kaupgengið skráð á 87,90 kr. og sölugengið á 88,10 kr. hver dollar. Gengi á öðrum frjálsum gjaldeyri var hins vegar breytilegt eftir gengi viðkomandi gjaldeyris gagnvart dollar. Voru því alltiðar breytingar á skráningu hinna ýmsu myntur.


Á 13. töflu er sýnd gengisskráning Seðlabankans í lok hvers mánaðar á árinu 1970.

Gengisskráning

ÞRÓUN PENINGAMÁLA

Aukning eftirspurnar	Á árinu 1970 fór mjög að gæta vaxandi eftirspurnarþenslu og sterkra verðbólguáhrifa. Hagstæð framleiðslu- og atvinnuþróun, er kom í kjölfar gengisbreytingarinnar í nóvember 1968, samfara verulegum kaupgjaldshækkunum, einkum sumarið 1970, leiddi smám saman til aukinnar eftirspurnar eftir vörum og þjónustu. Þessi þróun endurspegladist glöggj á árinu 1970 í vaxandi eftirspurn eftir innflutnum vörum og þjónustu og stóraukinni lánsfjárefeftirspurn. Gagnstætt þróun ársins 1969, er eðlilegri eftirspurn eftir lánsfé var að mestu fullnægt samfara verulegum bata í lausafjárstöðu fyrirtækja og innlásstofnana, svipadí þróun peningamála á árinu 1970 að ýmsu leyti til áranna um og eftir 1965. Eftirspurn eftir lánsfé var meiri en framboð, og lausafjárstaða innlásstofnana, sem hafði batnað verulega árið áður, rýrnaði aftur.
Aukning peningamagns	Veruleg peningaþensla varð á árinu 1970, annað árið í röð. Árið áður hafði peningamagn ¹ í umferð aukizt um tæp 32%, og hélt sá öri vöxtur framan af árinu 1970. Fyrstu fimm mánuði ársins 1970 jókst peningamagnið um tæp 37%, sem samsvaraði rösklega 23% aukningu, þegar leiðrétt hefur verið fyrir árstíðasveiflu, en 56% aukningu peningamagns fyrir árið í heild miðað við, ef sama þróun hefði haldizt út árið. Peningaþenslan fyrir árið í heild varð þó verulega minni en að virtist stefna fyrstu fimm mánuðina, þar eð peningamagnið dróst saman síðari hluta ársins. Jókst peningamagn í umferð árið 1970 þannig um 22%, sem er umfram meðalaukningu áranna 1961—1970, en á þessu tíu ára tímabili jókst peningamagn í umferð að meðaltali um 15,4% á ári.
Árin 1961–1966	Breyting ár frá ári á tímabilinu 1961—1970 var allmisjöfn á þessu tímabili. Þannig jókst peningamagnið að meðaltali um 17% á ári á tímabilinu frá 1960 til ársloka 1966. Réð þar mestu

¹ Með peningamagni er átt við seðla og mynt í umferð utan bankakerfisins og innstæður á hlaupareikningum og sparisjóðsávisanareikningum.



um mjög veruleg aukning erlendra eigna bankakerfisins, en greiðsluviðskipti ríkissjóðs og ríkisstofnana verkuðu til samdráttar peningamagns öll árin, að árinu 1964 undanteknu. Jafnframt var rekin aðhaldssöm peningastefna öll árin. Gifurleg stökkbreyting upp á við átti sér stað í útflutningstekjum, sem lagði grunninn að mikilli peninga- og eftirspurnarþenslu, jafnframt því sem aðrar atvinnustéttir þrýstu á um að öðlast svipaða tekjuaukningu og átt hafði sér stað í sjávarútveginum, sem síðan stuðlaði að frekari víxlverkunum verðlags og kaupgjalds. Þannig hafði raunveruleg þjóðarframleiðsla aukizt um 7,4% að meðaltali á þessum árum, en verðvísitala þjóðarframleiðslu hækkaði um 12% á ári.

Á árunum 1967–1968 jókst peningamagn í umferð hins vegar aðeins um 2%. Snerist hagstæð greiðslujafnaðarþróun fyrri ára alveg við á þessu tímabili, og minnkuðu útflutningstekjur gifurlega, en orsakir var einkum að finna í minnkandi sjávarafla og verðfalli útflutningsafurða. Peningaþróunin myndi samt hafa orðið enn óhagstæðari, ef ekki hefði verið framfylgt gagnvirkandi stefnu í peninga- og ríkisfjármálum, er hafði þann tilgang að stuðla að aukinni peninga- og eftirspurnarmyndun til þess að laga hagkerfið smám saman að tekjusamdrætti útflutningsgeirans og annarra atvinnuvega, sem fylgdu í kjölfarið, en raunveruleg þjóðarframleiðsla dróst saman um 8% á þessum tveim árum. Verðvísitala þjóðarframleiðslu hækkaði þó um tæp 17%, en sú hækkun var að mestu leyti óhjákvæmileg afleiðing tveggja

Árin 1967–1970

gengisbreytinga, sem framkvæmdar voru sín hvort árið. Síðustu tvö árin, 1969 og 1970, jókst peningamagnið aftur hröðum skrefum eða alls um rösk 60%. Raunveruleg þjóðarframleiðsla jókst hins vegar um rúm 8% alls bæði árin og verðvísisitala framleiðslunnar um tæp 43%. Mátti enn á ný rekja meginorsök aukinnar peningaþenslu til mikils afturbata í þróun útflutningsframleiðslu og tekna, en gerð verður nánari grein fyrir peningaþróun tveggja síðustu áranna, og þá sérstaklega ársins 1970, hér á eftir.

Petta stutta yfirlit bendir eindregið til þess, hve mjög hagþróun hér á landi hefur verið og er háð breytingum í útflutningstekjum og þá fyrst og fremst í tekjum sjávarútvegsins. Sjálfvirk peningasköpun útflutningstekna samfara sterkum áhrifum þeirra á launakröfur starfsmanna annarra atvinnuvega hefur þannig reynzt sterkasti og virkasti þensluvaldurinn. Tilkoma verðjöfnarsjóðs fiskiðnaðarins á árinu 1970 hlýtur því að teljast mikilvægt spor í viðleitni yfirvalda til betri stjórnunar peninga- og tekjumála. Þegar litið er til baka á sjöunda áratuginn, leikur líttill vafi á, að ofþensla peningasköpunar hefur orðið á flestum þessara ára, sem hefur stuðlað að eftirspurnaraukningu umfram vaxtarmöguleika þjóðarframleiðslu. Að öðru jöfnu má ætla, að aukin þjóðarframleiðsla þarfnið aukins peningamagns til veltu, sérstaklega þegar litið er yfir lengri tíma, og þó að tekið sé tillit til breytilegs veltuhraða.¹ Það hlýtur þess vegna ávallt að vera mikilvægt stefnuatriði í peningamálum, svo framarlega sem stöðugleiki verðlags er takmark í sjálfu sér, að stuðla að heilbrigðu hlutfalli milli peningamagns og vaxtarmöguleika þjóðarframleiðslu.

Orsakir peningaþenslu á árinu 1970

Meginorsök peningaþenslu á árinu 1970 má rekja til útlána bankakerfisins, þó að innstreymi fjár vegna hagstæðs greiðslu-jafnaðar fyrstu þrjá ársfjórðungana hafi einnig lagt þar drjúgt af mörkum. Þessu var gagnstætt farið árið áður, er mikil auknинг erlendra eigna bankakerfisins var frumorsök peningaþenslu, en þá gætti einnig meira hófs í eftirspurn eftir lánsfé, sem rekja má til almennum eftirspurnartregðu í kjölfar mikilla verð- og tekjubreytinga, er orsókuðust af síðustu gengisbreytingu. Heildarútlán bankakerfisins jukust árið 1970 um 2.463 millj. kr. (17,2%), en höfðu aukizt árið áður um 1.372 millj. kr. (10,6%).

¹ Veltuhraði þjóðarframleiðslu í peningum breytist oft frá ári til árs, en gera má yfirleitt ráð fyrir vaxandi veltuhraða í kjölfar aukinnar bankastarfsemi og með tilkomu ýmissa tæknilegra nýjunga, sem hraða eða koma í stað greiðslu manna á milli. Þannig er áætlað, að veltuhraði þjóðarframleiðslu í peningum hér á landi hafi verið um einum fimmtra meiri árið 1970 heldur en árið 1960.

Erlendar eignir nettó jukust hins vegar um 1.093 millj. kr., en höfðu aukizt um 1.860 millj. kr. árið 1969. Þegar tekið hefur verið tillit til annarra eignabreytinga, þ. e. fyrst og fremst eignfjáraukningar og lækkunar á endurlánuðu erlendu lánsfé (sem lækkaði um 130 millj. kr. árið 1970 og um 363 millj. kr. árið 1969), jukust innlendar eignir bankakerfisins árið 1970 um 2.206 millj. kr., sem var næstum þrefold aukning á við árið áður, en þá jukust innlendar eignir alls um 804 millj. kr.

Árið 1970 nam peningautstreymi frá bankakerfinu þannig um 3.300 millj. kr. eða tæpum 650 millj. kr. umfram eignaaukningu bankakerfisins ársins þar á undan. Þrátt fyrir aukið útstreymi jókst peningamagn í umferð töluvert hægar en árið 1969 eða um 844 millj. kr. (22%), en hafði aukizt um 921 millj. kr. (31,6%) árið áður. Kemur þar einkum tvennt til: Í fyrsta lagi má ætla, að á árinu 1969 hafi verið mikil þörf fyrir endurupþyggingu lausafjárstöðu fyrirtækja og einstaklinga almennt, bæði vegna þess að hún hafði rýrnað mjög á samdráttarunum 1967 og 1968, svo og einnig vegna þess að miklar og óljákvæmilegar verðhækkanir, er stöfuðu beint af undanfarandi gengisbreytingum, útheimtu aukið veltufé. Í öðru lagi varð sparifjáraukning á árinu 1970 mun meiri en árið áður, sem verkaði gegn enn frekari peningaþenslu. Jukust spariinnlán hjá innlánsstofnunum alls um 2.445 millj. kr. (22,7%), en höfðu aukizt um 1.743 millj. kr. (19,3%) árið 1969.

Til þess að skilja betur orsakir þeirrar heildarþróunar í peningamálum á árinu 1970, sem nú hefur verið stuttlega lýst, eru nauðsynlegt að rekja gang þessara mála stig af stigi.

Eins og fyrr greinir, varð mjög mikil aukning á peningamagni á árinu 1969. Að nokkru leyti var þessi aukning bein afleiðing peningalegra ráðstafana, sem gripið var til í kjölfar gengisbreytingarinnar í nóvember 1968. Rækileg grein var gerð fyrir þessum ráðstöfunum í síðustu ársskýrslu Seðlabankans, en markmið þeirra var að stuðla að sem örastri framleiðsluaukningu í kjölfar gengisbreytingarinnar. Árangur þessara aðgerða var jákvæður, og reyndist aukning útflutnings og batinn í greiðslujöfnuðinum örari og meiri en bjartsýnustu áætlanir höfðu gert ráð fyrir. Þegar á árið leið, fóru peningaleg áhrif hinnar erlendu eignaaukningar bankakerfisins að koma fram með vaxandi þunga, enda má rekja hina miklu peningaþenslu þess árs að rúnum þremur fjórðu hlutum til bættrar gjaldeyrisstöðu.

Sé hins vegar litið á þróunina 1970, skiptir mjög í tvö horn. Á fyrri helmingi ársins setur áframhaldandi aukning gjaldeyrisforðans svip sinn á þróunina, og lausafjárstaða bankanna



*Reikningar bankakerfisins¹⁾
(Í millj. kr.)*

	<i>Reikningshreyfingar</i>		<i>Reikningsstaða 31. desember 1970</i>
	<i>janúar—desember 1969</i>	<i>1970</i>	
A. Áhrif bankaviðskipta á peninga- og sparifjáreign	+2.664	+3.299	17.927
a. Erlendar eignir, nettó	+1.860	+1.093 ²⁾	3.206
b. Innlendar eignir	+ 804	+2.206	14.721
1. Ríkissj. og ríkisstofnanir, nettó . .	+ 376	÷ 464	176
2. Fjárfestingarlánastofnanir, nettó . .	÷ 533	÷ 89	÷ 30
3. Útlán til annarra	+1.529	+3.016	16.608
3.1. Seðlabankinn	+ 18	+ 485	675
3.2. Innlánsstofnanir	+1.511	+2.531	15.933
4. Endurlánað erl. lánsfé	÷ 363	÷ 130	80
5. Annað, nettó	÷ 205	÷ 127	÷ 2.113
B. Peningamagn í umferð og sparifjáreign	+2.664	+3.299	17.927
a. Peningamagn	+ 921	+ 844	4.683
1. Seðlar og mynt í umferð	+ 174	+ 269	1.385
2. Veltifé	+ 747	+ 575	3.298
b. Sparifé	+1.743	+2.455	13.244


1) Seðlabankinn, viðskiptabankar, sparisjóðir og innlánsdeildir kaupfélaga.

2) Sjá skýringarlið 3 í töflu um „Reikning Seðlabankans“.

heldur áfram að batna. Á síðari hluta ársins snýst þessi þróun við, og mjög fer að þrengja að á peningamarkaðinum. Til þess að skýra þessa þróun hafa á línumriti á næstu síðu verið bornar saman peningalegar hreyfingar á tímabilinu janúar—maí annars vegar, en júní—desember hins vegar. Kemur þá skýrar í ljós, hverjar voru orsakir þeirra umskipta, sem urðu í þessum efnum á árinu.

**Þróunin mánuðina
janúar—maí**

Á tímabilinu janúar—maí 1970 jókst peningamagnið um 1.412 millj. kr. (36,8%), sem var nær tvöföld aukning á við sama tíma árið áður. Orsakaðist þessi mikla peningaþensla næstum að jafnmiklu leytí af ytri sem innri ástæðum, þar eð erlend og innlend eignaukning bankakerfisins var svipuð á þessu fimm mánaða tímabili. Á sama tíma árið 1969 mátti hins vegar rekja orsök peningaþenslu að þremur fjórðu til erlendrar eignaukningar bankakerfisins og einum fjórða til innlendra eignabreytinga, þ. e. fyrst og fremst útlánaaukningar. Erlendar eignir bankakerfisins jukust um 1.205 millj. kr. eða um þriðjungi meira en á sama tíma árið áður, en það endurspeglarði glöggt hagstæða greiðslujafnaðarþróun þessa tímabils. Lán Seðlabankans til ríkisjóðs og ríkisstofnana nettó jukust um 392 millj. kr. frá áramótum til maíloka, sem er um 80 millj. kr. meiri aukning en á sama tíma árið 1969. Var hér um eðlilega aukningu að ræða eftir árstíma og í samræmi við árstíðaþörf, en lánsfjárhörf ríkisjóðs fer yfirleitt vaxandi frá áramótum, unz árstíðahámarki er



náð í lok júlí mánaðar hvert ár. Lán Seðlabankans til fjárfestingarlánastofnana nettó jukust um 45 millj. kr. Á sama tíma árið áður höfðu nettó-útlán til þessara stofnana dregið saman um 470 millj. kr., en þar var eingöngu um að ræða hækjun innstæðna þessara stofnana vegna innkomins andvirðis erlendrar lántöku, sem ekki var farið að ráðstafa nema að litlu leyti í maílok það ár. Útlán bankakerfisins til annarra aðila, þ. e. fyrirtækja, bæjar- og sveitarfélaga og annarra einkaaðila, jukust um 990 millj. kr. fyrstu fimm mánuði ársins 1970, en höfðu aukizt um 748 millj. kr. á sama tíma árið áður.

Peningabensla fyrstu fimm mánuði ársins 1970 hefði þó orðið miklu meiri, ef ekki hefði notið sterkra áhrifa hinnar miklu sparifjáraukningar, en spariinnstæður hjá innlánsstofnunum, sem gerð verður nánari grein fyrir síðar, jukust um 932 millj. kr. (8,6%) þessa mánuði samanborið við 493 millj. kr. (5,4%) árið áður.

Eftir mikla þenslu fyrstu fimm mánuði ársins dróst peningamagn í umferð saman um 570 millj. kr. á síðstu sjö mánuðum, þrátt fyrir mjög mikla útlánaaukningu banka og sparisjóða til aðila annarra en ríkisins og fjárfestingarlánastofnana. Heildaraukning peningamagns á árinu 1970 nam engu að síður 844 millj. kr. eða 22%, sem var þó mun minni aukning en að virtist stefna á tímabilinu janúar-máí, en þá voru horfur á, að peningamagn í umferð myndi aukast um 56% á árinu 1970, ef áfram héldi sem verið hafði. Sumpart má rekja þessa sveiflu í peningamagni til eðlilegra árstíðahreyfinga, þar eð samdráttur peninga-

Þróunin mánuðina júní-desember

magnsins varð eingöngu í desember, en peningamagn í umferð minnkaði um röskar 730 millj. kr. í þeim mánuði. Stærð peningasveiflunnar var hins vegar miklu meiri en útskýrt verði með árstíðasveiflu einni saman. Þar virtist einkum tvennt hafa sterkt áhrif að auki: Í fyrsta lagi gífurleg sveifla í fjárvstreymi ríkissjóðs og ríkisstofnana, og í öðru lagi mun örara innstreymi andvirkis útfluttrar vöru.

Greiðslustaða ríkissjóðs



Áhrif útflutnings- tekna

Á fyrstu sjö mánuðum ársins 1970 versnaði staða ríkissjóðs og ríkisstofnana gagnvart Seðlabankanum um 640 millj. kr. Endurspeglaði sú hreyfing, eins og áður er að vikið, fyrst og fremst mikla árstíðasveiflu, sem ríkir í fjárvörf ríkissjóðs, en hún hafði verið svipuð að upphæð á sama tíma árið áður. Á síðustu fimm mánuðum ársins snertir árstíðasveiflan ríkissjóði í hag, og batn-aði staða ríkissjóðs og ríkisstofnana um 1.025 millj. kr., þar af um 537 millj. kr. í desembermánuði einum saman. Stöðubati ríkissjóðs og ríkisstofnana varð hins vegar um 660 millj. kr. á þessum mánuðum árið 1969, og er þá ekki tekið tillit til vissra sérstæðra lánahreyfinga að upphæð um 400 millj. kr., er áttu sér stað á þessum tíma. Þessi mikli bati er einnig stærri en útskýrt verður með árstíðasveiflu einni saman. Hækkuð söluskatts úr 7,5% í 11%, sem kom fyrst með fullu á lagi til innheimtu í ágúst 1970, olli þar einhverju um. Hraðari innheimta söluskatts (tveggja mánaða í stað þriggja mánaða innheimtu) hafði þó ef til vill enn sterkt áhrif, en á árinu 1970 innheimtist söluskattur þrettán mánaða í stað tólf, og féll aukamánuðurinn til innheimtu í desember.

Á árinu 1969 hafði farið að gæta örari innheimtu andvirkis útfluttra fiskafurða, einkum freðfisks. Þessi greiðsluþróun, sem hélt áfram á árinu 1970, bar vott um hagstæðar og batmandi markaðsaðstæður erlendis, en markaðsverð helztu útflutningsafurða okkar fór samtímis hækkandi. Þessi þróun skýrir að nokkru mikla aukningu erlendra eigna bankakerfisins á fyrri hluta ársins 1970, um leið og hún skýrir einnig að nokkru samdrátt peningamagns í desembermánuði sama ár. Í samræmi við eðlilega árstíðahreyfingu hefði mátt búast við töluvert meira innstreymi útflutningstekna í desembermánuði en raun varð á. Hraðari innheimta útflutningstekna fyrr á árinu samfara vaxandi innflutningi olli því hins vegar, að erlendar eignir lækkuðu um tæpar 150 millj. kr. tvö síðustu mánuði ársins, þannig að erlendar eignir bankakerfisins nettó voru aðeins lægri að upphæð í lok desember 1970 en í lok maímánaðar.

Á tímabilinu júní–desember 1970 minnkuðu nettó-útlán til fjárfestingarlánastofnana um röskar 130 millj. kr., sem var nokkru meiri samdráttur en árið áður. Útlánaaukning til fyrirtækja,

*Reikningar innlánsstofnana¹⁾
(Í millj. kr.)*

	Reikningshreyfingar		Reikningsstaða 31. desember 1970
	janúar—desember 1969	1970	
A. Fjármagn til ráðstöfunar	+2.883	+2.783	19.381
a. Innstæður, alls	+2.551	+3.046	16.712
1. Veltiinnlán	+ 747	+ 575	3.298
2. Spariinnlán	+1.743	+2.455	13.244
3. Geymslufé v/innflutnings	+ 61	+ 16	170
b. Fyrirgreiðsla Seðlabankans	+ 423	÷ 124	1.818
1. Endurkaup	+ 460	÷ 154	1.744
2. Verðbréf	÷ 37	+ 30	74
c. Erlent lánsfé	÷ 363	÷ 130	80
d. Annað, nettó	+ 272	÷ 9	771
B. Ráðstöfun fjármagns	+1.717	+3.123	19.381
e. Útlán	+1.511	+2.531	15.933
f. Endurlánað erlent lánsfé	÷ 363	÷ 130	80
g. Bundnar innstæður	+ 567	+ 719	3.359
h. Innstæður á uppsagnarreikn	+ 2	+ 3	9
C. Lausafjárstaða	+1.166	÷ 340	0
i. Erlend staða, nettó ²⁾	+ 477	÷ 339	÷ 249
j. Innlend staða, nettó ²⁾	+ 689	÷ 1	249
1. Seðlar og mynt	+ 20	+ 19	129
2. Almennar innstæður	+ 168	÷ 114	226
3. Lausaskuldír	+ 501	+ 94	÷ 106
3.1. Reikningsskuldír	+ 227	÷ 18	÷ 26
3.2. Önnur stutt lán	+ 274	+ 116	÷ 75
3.3. Óinnleystir tékkar	0	÷ 4	÷ 5

1) Viðskiptabankar, sparisjóðir og innlásndeildir kaupfélaga.

2) Plúsmerki (+) tákna bætta eða jákvæða lausafjárstöðu.

bæjar- og sveitarfélaga og annarra einkaaðila varð hins vegar næstum þrisvar sinnum meiri heldur en á sama tíma árið 1969 og nam 2.026 millj. kr. Útlán innlásstofnana, sem gerð verður nánari grein fyrir síðar, jukust um 1.482 millj. kr., og útlán Seðlabankans, sem dregist höfðu heldur saman fyrr á árinu, jukust um 544 millj. kr. Fyrirgreiðsla Seðlabankans út á væntanlegar erlendar lántökur til vegagerðar og virkjana olli hér mestu um, en ráðgerð lántaka erlendis á árinu 1970 vegna þeirra frestaðist til næsta árs. Eins og á fyrri helmingi ársins dró veruleg spariinnstæður hjá innlásstofnunum jukust um 1.523 millj. kr. á tímabilinu frá maílokum til áramóta.

**Lausafjárstaða
innlásstofnana**

Verður nú næst rakið, hvaða áhrif þessar breytingar á árinu 1970 höfðu á þróunina í lausafjárstöðu innlásstofnana. Á árinu 1969 hafði lausafjárstaða innlásstofnana batnað um tæpar 1.170 millj. kr., og námu lausar eignir umfram skuldir 340 millj. kr. í lok sama árs. Þrjú undanfarandi ár hafði lausafjárstaða



þeirra hins vegar versnað nokkuð jafnt um 400 millj. kr. á ári eða alls um rétt röskar 1.200 millj. kr. Bati lausafjárstöðu hélt áfram fyrstu mánuðina á árinu 1970. Fram til maíloka hafði lausafjárstaða innlásstofnana batnað enn frekar eða um 957 millj. kr. Eins og á árinu 1969 mátti rekja meginorsök lausafjárbatans til hagstæðrar markaðs- og framleiðsluþróunar útflutningsgeirans og mikils innstreymis erlends gjaldmiðils, en innlend eignaaukning Seðlabankans lagði einnig sitt af mörkum. Hvort tveggja stuðlaði að mikilli aukningu innlána hjá innlásstofnunum, sem jukust um 2.274 millj. kr. á fyrstu fimm mánuðum ársins 1970, en það var nær tvöföld aukning á við sama tíma árið áður. Þessi hagstæða innlánajþróun auðveldaði innlásstofnunum að mæta stóraukinni eftirspurn eftir lánsfé. Jukust útlán um 1.049 millj. kr. (7,8%) á tímabilinu janúar–maí 1970 miðað við 802 millj. kr. (6,7%) aukningu á sama tíma árið áður. Svaraði þessi aukning til þess, að ef hún hefði haldizt óbreytt út árið, myndu útlán hafa aukizt um fast að 20% fyrir árið 1970 í heild. Útlán viðskiptabankanna höfðu aukizt mest og stefndu á 22,5% aukningu fyrir árið í heild, en útlán sparsjóða höfðu aukizt mun hægar og stefndu á um 10% aukningu fyrir árið 1970. Bundnar innstæður innlásstofnana hjá Seðlabankanum jukust einnig mjög verulega á þessum fimm mánuðum.

Breytt lausafjárþróun í júní–desember

Hin hagstæða þróun lausafjárstöðu innlásstofnana, sem lýst er að framan, snert alveg við á síðustu sjö mánuðum ársins 1970. Fjármagn til ráðstöfunar innlásstofnana, sem hafði aukizt mjög ört á fyrri hluta ársins, jókst aðeins um tæpan fjórðung af þeirri aukningu á síðari hlutanum. Óhagstæðari greiðslu-jafnaðarþróun ásamt miklum bata í lausafjárstöðu ríkissjóðs olli hér mestu um, en á þessu sjö mánaða tímabili var um að ræða nettó-innstreymi fjármagns til Seðlabankans (115 millj. kr.) miðað við útstreymi á sama tíma árið 1969. Útlán innlásstofnana héldu hins vegar áfram að aukast jafnt og þétt, þó að heldur hafi dregið úr vaxtarhraða þeirra, en útlán innlásstofnana jukust alls um 18,9% eða 2.531 millj. kr. á árinu 1970. Heldur dró úr vaxtarhraða útlána viðskiptabankanna á síðari hluta ársins. Jukust útlán þeirra alls um 19,1% á árinu 1970, en höfðu stefnt að 22,5% ársaukningu á fyrstu fimm mánuðunum. Viðræður Seðlabankans við viðskiptabankana, sem hófust í júní sama ár og gerð verður grein fyrir síðar, hafa líklega haft hér nokkuð að segja, þar eð vaxandi umframeftirspurnar eftir lánsfé gætti á þessum tíma, en versnandi lausafjárstaða hlýtur einnig að hafa haft sterkt áhrif til aðhalds. Mjög veruleg útlánaaukning varð hins vegar hjá sparsjóðunum á seinni

Reikningar Seðlabankans
(Í millj. kr.)

	Reikningshreyfingar		Reikningsstaða	
	janúar—desember 1969	31. desember 1970	31. desember 1970	
A. Erlendar eignir, nettó	+ 1.020	+ 1.303 ³⁾	3.536	
B. Innlendar eignir, nettó	+ 412	÷ 313	1.466	
a. Kröfur á ríkissj. og ríkisst., nettó ¹⁾	+ 376	÷ 464	176	
b. Kröfur á fjárfest.l.stofn., nettó ¹⁾	÷ 533	÷ 89	÷ 30	
c. Kröfur á innlásstofnanir	+ 423	÷ 124	1.818	
1. Endurkeyptir víxlar	+ 460	÷ 154	1.744	
1.1. Landbúnaður	+ 57	+ 263	985	
1.2. Sjávarútvegur	+ 297	÷ 432	591	
1.3. Iðnaður	+ 106	+ 15	168	
2. Verðbréf	÷ 37	+ 30	74	
d. Kröfur á aðra aðila	+ 18	+ 485	675	
e. Annað, nettó	+ 128	÷ 121	÷ 1.173	
C. Erlendar og innlendar eignir	+ 1.432	+ 990	5.002	
D. Seðlar og mynt í umferð	+ 174	+ 269	1.385	
E. Innlásstofnanir ²⁾	+ 1.258	+ 721	3.617	
a. Bundnar innstæður	+ 567	+ 719	3.359	
b. Innstæður á uppsagnarreikn.	+ 2	+ 3	9	
c. Lausafjárstaða gagnvart Seðlabanka	+ 689	÷ 1	249	
1. Seðlar og mynt hjá innlásst.	+ 20	+ 19	129	
2. Almennar innstæður	+ 168	÷ 114	226	
3. Lausaskuldir	+ 501	+ 94	÷ 106	
3.1. Reikningsskuldir	+ 227	÷ 18	÷ 26	
3.2. Önnur stutt lán	+ 274	+ 116	÷ 75	
3.3. Óinnleystir tékkar	0	÷ 4	÷ 5	

- 1) Bætt staða eða nettó-inneign ríkissjóðs og ríkisstofnana og fjárfestingarlánsjóða er merkt með mínusmerki (÷).
- 2) Bætt staða innlásstofnana gagnvart Seðlabankanum er merkt með plúsmerki (+).
- 3) Sérstök dráttarréttindi, sem Íslandi var úthlutað af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í ársbyrjun 1970, að upphæð 222 m. kr., eru ekki meðtalið í reikningshreyfingum; hækkað markaðsvirði erlendrar verðbréfaeignar Seðlabankans á árinu 1970, sem nam 75 m. kr., er ekki heldur meðtalið í hreyfingartölum.

hluta ársins 1970. Jukust útlán þeirra alls um 25,6% á árinu í heild, en höfðu stefnt að 10% ársaukningu á fyrstu fimm mánuðunum. Með hlíðsjón af þróun ráðstöfunarfjár innlásstofnana og bundinna innstæðna hjá Seðlabankanum, sem jukust alls um 719 millj. kr., var um verulega ofþenslu útlána að ræða á árinu 1970 og þá einkum á seinni hluta ársins. Kom þetta glöggt fram í þróun lausafjárstöðu innlásstofnana, sem versnaði mánuðina júní—desember um tæpar 1.300 millj. kr. og fyrir árið í heild um 340 millj. kr., þannig að í lok desember 1970 voru lausar skuldir þeirra jafnmiklar lausum eignum.

**Stefna Seðlabankans
í peningamálum**

34

Stefna Seðlabankans á árinu hneigðist til aukins aðhalðs í peningamálum. Snemma á árinu tók að gæta mikillar peningaþenslu og sterkra verðbólguáhrifa. Lausafjárstaða innlásstofnana hélt áfram að batna, jafnframt því sem eftirspurn eftir lánsfé fór




vaxandi. Var það því eitt meginmarkmið Seðlabankans að koma í veg fyrir, að sterk og batnandi lausafjárstaða innlánsstofnana, einkum viðskiptabanka, ýtti undir ofþenslu eftirspurnar á grundvelli lánsfjár. Var því stefnt að því að draga úr útlánum Seðlabankans og lausafjárfyrirgreiðslum hans við bankakerfið. Í þessum tilgangi stofnaði Seðlabankinn einnig til viðræðna við viðskiptabankana í júní 1970, þar sem lögð var áherzla á, að viðskiptabankarnir stefndu að því að auka ekki útlán sín um meira en 14% fyrir árið í heild, sem svaraði til um 6% aukningarár árstdaleiðréttum grundvelli frá maílokum út árið. Samningsleiðin um útlán var talin ákjósanlegri til að ná settu marki heldur en skarpari beiting almennra hagstjórnartækja, sérstaklega með hlíðsjón af því, að lausafjárstaða viðskiptabanka var mjög misjöfn. Hefðu einstakir bankar getað lent í mjög verulegum lausafjárfiðleikum, ef almennum hagstjórnartækjum hefði verið beitt, en reglur um endurkaup, vexti og bindiskyldu héldust í aðalatriðum óbreyttar á árinu 1970. Það var einnig mat bankastjórnar Seðlabankans, að þróun lausafjártöðu innlánsstofnana og peningaþensla almennt myndu snúast við á seinni hluta ársins vegna mikils innstreymis til ríkissjóðs og óhagstæðari greiðslujafnaðar, auk þess sem endurkaup myndu heldur dragast saman vegna birgðalækkunar. Heldur dró úr útlánaaukningu viðskiptabankanna síðari hluta ársins 1970, eins og gerð er grein fyrir að framan, en engu að síður jukust útlán þeirra um 19,1% yfir árið í heild, sem var mun meiri aukning en að var stefnt. Auk þess jukust útlán sparisjóða um nærrí 26% á árinu 1970.

Starfsemi innlánsstofnana

Aukning innlána

Verður nú nánar vikið að starfsemi innlánsstofnana, þ. e. a. s. banka, sparisjóða og innlánsdeilda á árinu 1970. Ráðstöfunarfé innlánsstofnana jókst um 2.783 millj. kr. (16,8%) árið 1970, sem var heldur minni aukning en árið áður, en þá hafði það aukizt um 2.883 millj. kr. (21%). Samdráttarárin 1967 og 1968 hafði ráðstöfunarfé innlánsstofnana hins vegar aukizt aðeins um 5,4% og 8,6% hvort árið um sig, en meðalaukning sjöunda áratugarins varð 16% á ári. Aukning ráðstöfunarfjár á árinu 1970 stafaði eingöngu af vexti innstæðna, þar eð endurkaup Seðlabankans drögust saman vegna birgðalækkunar, svo og einnig endurlánað erlent lánsfé. Alls jukust innstæður hjá innlánsstofnunum um 3.046 millj. kr. (22,3%) samanborið við 2.551 millj. kr. (23%) aukningu árið 1969, en meðalaukning áratugarins 1961–1970 varð 18% á ári. Aukning veltiinnlána nam 575 millj. kr. (21,1%), en árið 1969 höfðu þau aukizt um 747 millj. kr. (37,8%). Spariinnlán jukust um 2.455 millj. kr. (22,7%) miðað við 1.743 millj. kr. (19,3%) aukningu árið 1969. Hafa spari-



innlán innlásstofnana ekki aukizt hraðar frá því 1965, er þau jukust um tæp 24%, en meðalaukning spariinnlána á sjóunda áratugnum var 18,6% á ári.

Endurkaup Seðlabankans

Endurkaup Seðlabankans minnkuðu á árinu 1970 um 154 millj. kr., en höfðu aukizt árið áður um 460 millj. kr. Þessi breyting stafaði eingöngu af mikilli birgðalækkun sjávarútvegsins, þar eð endurkaup vegna landbúnaðar og iðnaðar hækkuðu og reglur Seðlabankans um endurkaup afurðalána héldust óbreyttar á árinu 1970. Þrátt fyrir hækkað einingarverð í ársbyrjun og magnaukningu framleiðslu minnkuðu endurkaup Seðlabankans á afurðavíxlum sjávarútvegs frá innlásstofnunum um 432 millj. kr., en höfðu aukizt um 297 millj. kr. árið 1969. Endurspeglæði þessi þróun glöggt hagstæð ytri markaðsskilyrði og örari innheimtu útflutningstekna sjávarútvegsins, sem rætt var um hér að framan. Endurkaup frá landbúnaði jukust um 263 millj. kr., en höfðu aukizt um 57 millj. kr. árið 1969. Endurkaup frá iðnaði hækkuðu einnig eða um 15 millj. kr., sem er svipuð fyrirgreiðsla og á árunum 1966—1968. Á árinu 1969 hafði Seðlabankinn hins vegar beitt sér fyrir sérstakri rekstrarfyrirgreiðslu til iðnaðar, og jukust endurkaup frá iðnaði þar af leiðandi um 106 millj. kr. á því ári, sem féllu að nokkru til endurgreiðslu á árinu 1970.

Útlán innlásstofnana jukust um 2.531 millj. kr. eða 18,9% á árinu 1970. Var hér um að ræða mun meiri útlánaaukningu en

Ráðstöfun fjármagns innlánssstofnana

árið áður, er útlán jukust um 1.511 millj. kr. eða 12,7%, og vel yfir meðalaukningu útlána sjöunda áratugarins, sem nam 13,6% á ári. Aðeins á árinu 1965 hafði útlánaaukningin orðið meiri heldur en 1970, en það ár jukust útlán um rösk 25%. Snemma á árinu 1970 fór að bera á vaxandi eftirspurn eftir lánsfé, bæði vegna aukinnar framleiðslu og einnig vegna stórauinnar neyzlu og meiri framkvæmda. Samkvæmt upplýsingum, sem fyrir liggja um útlánaskiptingu viðskiptabankanna og þriggja stærstu sparisjóðanna eftir atvinnuvegum, varð mest aukning útlána til verzlunar eða um 578 millj. kr. (86 millj. kr. árið 1969); til bygginga 461 millj. kr. (193 millj. kr.); til landbúnaðar 362 millj. kr. (159 millj. kr.) og til iðnaðar 317 millj. kr. (338 millj. kr. árið 1969). Lán til sjávarútvegs drögust hins vegar mjög verulega saman eða um 519 millj. kr. (jukust um 282 millj. kr. árið 1969) vegna birgðalækunar, eins og gerð var grein fyrir hér að framan í sambandi við endurkaup Seðlabankans á afurðavíxum sjávarútvegsins. Auk þess lánuðu viðskiptabankarnir til Framkvæmdasjóðs og íbúðalána innan ramma sérstaks samnings um 349 millj. kr. á árinu 1970 (167 millj. kr. árið áður), en þetta fjármagn var síðan endurlánað til margvíslegra framkvæmda. Bundnar innstæður innlánssstofnana hjá Seðlabankanum jukust um 719 millj. kr. á árinu 1970, en höfðu aukizt um 567 millj. kr. árið áður. Svaraði þessi aukning til um 20% af aukningu innstæðna hjá sömu stofnunum miðað við tólf mánaða hreyfingu frá nóvember til nóvember.

Starfsemi fjárfestingsarlánasjóða

Fjárstreyimi fjárfestingarlánasjóða árið 1970 varð svipað og árið áður, en útlán jukust um röskar 100 millj. kr. frá því árið áður. Alls námu útlán þessara stofnana á árinu 1970 nær tveim milljörðum króna, eins og meðfylgjandi tafla sýnir. Til samanburðar má geta þess, að á árinu 1970 nam heildarfjárfesting samkvæmt þjóðhagsreikningum (að frátöldum framkvæmdum við Búrfell, álverið og Straumsvíkurhöfn, en þær framkvæmdir voru að mestu fjármagnaðar án aðstoðar sjóðanna) um 9 milljörðum króna, þannig að fjárfestingarlánasjóðirnir eru tvímælalaust snar þáttur í fjármögnun innlendirrar fjárfestingar. Auk lánveitinga greiddu fjárfestingarlánasjóðirnir 1.048 millj. kr. í vesti og afborganir af teknum lánum, en 273 millj. kr. var ráðstafað til annarra hluta, þannig að samtals nam ráðstöfun fjár hjá sjóðunum um 3 milljörðum króna að meðtalinni sjóðsaukningu. Er það noð lægri upphæð en árið á undan, en það ár varð óveni aukning á sjóðseign vegna lántöku sjóðanna af lán erlendis, en af því komu 414 millj. kr. í hlut fjár sjóðanna. Um helmingur þeirrar upphæðar g

„akru mikil ríkissjóðs til Ar...“
„Ak... festingarlána...“

Greiðsluyfirlit fjárfestingarlánaða 1969 og 1970
(Í millj. kr.)

	1969	1970
<i>Uppruni fjármagns:</i>		
Eigin fjármögnun	1.466,1	1.660,7
Afborganir af veittum lánum	835,0	809,7
Vaxtatekjur ¹⁾	631,1	851,0
Bein framlög án endurgjalds	607,4	574,0
Skatttekjur ²⁾ og ríkisframlög	545,2	548,1
Framlög sveitarfélaga	51,4	23,9
Annað	10,8	2,0
Tekin lán	1.442,8	1.081,7
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	510,7	11,0
Viðskiptabankar	333,2	352,1
Skyldusparnaður	204,7	250,1
Erlend lán og framlög	222,0	269,3
Atvinnuleysistryggingasjóður	92,0	104,0
Annað	80,2	95,2
Samtals	3.516,3	3.316,4
<i>Ráðstöfun fjármagns:</i>		
Afborganir af teknum lánum	653,0	344,3
Endurgeiddur skyldusparnaður	117,9	161,2
Greiddir vextir ¹⁾	383,7	542,3
Veitt lán	1.869,0	1.995,8
Annað, nettó	155,9	241,7
Sjóðsbreyting (lækkun ÷)	336,8	31,1
Samtals	3.516,3	3.316,4

¹⁾ Vísitölualag meðtalið.

²⁾ Fyrirfram ráðstafaðar tekjur ríkissjóðs.

málanefndar ríkisins, en hinn helmingurinn var endurlánaður af Framkvæmdasjóði til annarra fjárfestingarlánaða. Fjármögnun fjárfestingarlánaða á sér stað með þrennum hætti, þ. e. eigin fjármögnun (af afborganum og vöxtum af veittum lánum), fé af beinum framlögum án endurgjalds (aðallega fyrirfram ráðstöfuðum skatttekjum, s. s. Iðnlánaðsgjaldi eða Byggingarsjóðsgjaldi, svo og framlögum af fjárlögum) og í þriðja lagi með lántökum.

Árið 1970 nam eigin fjármögnun um 1.661 millj. kr. eða réttum helmingi af fjármagnsupprunanum. Bein framlög án endurgjalds námu 574 millj. kr., en þar eru skatttekjur og ríkisframlög mikilvægust. Námu þau 548 millj. kr., en þar í eru m. a. innifaldar 314 millj. kr. skatttekjur og fjárlagaframlög til Byggingarsjóðs ríkisins.

Lántokur námu 1.082 millj. kr. árið 1970. Viðskiptabankarnir eru stærsti lánveitandinn til fjárfestingarlánaðanna, en þeir hafa með samningi við Framkvæmdasjóð á undanförnum árum veitt 10% af innlánsaukningu bankanna sem lán til Fram-

Útlán fjárfestingarlánasjóða¹⁾
(I millj. kr.)

	1969	1970
Atvinnujöfnunarsjóður (Atvinnubótasjóður, Norðurlandsáætlun og Atvinnumálanefndir) . . .	317,2	232,0
Byggingarsjóður ríkisins og Veðdeild Landsbanka Íslands	492,3	676,7
Byggingarsjóður verkamanna	24,3	40,0
Ferðamálasjóður	2,2	4,8
Fiskveiðasjóður	511,2	495,6
Framkvæmdasjóður, bein útlán	213,4	68,6
, lán til annarra sjóða	(243,0)	(497,7)
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	7,3	8,8
Iðnlánasjóður	129,0	183,1
Iðnþróunarsjóður, bein útlán	—	37,1
, lán til annarra sjóða	(—)	(50,0)
Lánasjóður sveitarfélaga	33,7	60,0
Stofnlánadeild landbúnaðarins	112,6	141,9
Veðdeild Búnaðarbankans	9,2	14,3
Verzlunarlánasjóður	16,6	32,9
Samtals	1.869,0	1.995,8

1) Lán milli sjóða eru ekki meðtalini; hér er eingöngu um að ræða útborguð lán á viðkomandi ári.

kvæmdasjóðs, en á árinu 1970 var þetta hlutfall 15%. Nam sú upphæð 349 millj. kr. árið 1970. Erlend lán og framlög námu 269 millj. kr. árið 1970, en hér er eingöngu um stofnframlag Norðurlandanna til Iðnþróunarsjóðs að ræða. Skyldusparnaður rennur fyrst og fremst í Byggingarsjóð ríkisins nema sá hluti, er kemur úr sveitum; hann rennur til Stofnlánadeilda landbúnaðarins. Lán Atvinnuleysistryggingasjóðs til fjárfestingarlánasjóða námu 104 millj. kr., en fé það rann til Byggingarsjóðs ríkisins.

STJÓRN OG STARFSEMI SEÐLABANKANS

Stjórn bankans og starfslið

Engin breyting varð á skipan bankastjórnar og bankaráðs á árinu. Dr. Jóhannes Nordal var endurkjörinn formaður bankastjórnarinnar til 31. mars 1973. Kjörtími bankaráðsins er fjögur ár í senn, nú til ársloka 1972.

Heildartala starfsmanna við Seðlabankann í árslok 1970 var 96, sem er sama tala og var við bankann í árslok 1969. Þess ber að geta, að nokkrir starfsmanna vinna hluta úr degi eða eru í sameiginlegum verkefnum fyrir Seðlabankann og Landsbankann. Fjölmennustu deildir bankans eru hagfræðideild með 15 starfsmenn, Framkvæmda- og Ríkisábyrgðasjóður með 12 starfsmenn og gjaldeyriseftirlit með 11 starfsmenn. Aðalbókhald, afgreiðsla og ávísanaskipti eru hver með 7 starfsmenn.

Fráfall Jóns G. Maríassonar

Jón G. Maríasson, fyrrv. seðlabankastjóri, lézt hinn 5. nóvember 1970. Hann var fæddur 1898 og hóf starf við Landsbankann á Ísafirði í ársbyrjun 1919. Hann varð aðalbókari Landsbankans í Reykjavík árið 1934 og varabankastjóri tveimur árum síðar.

Jón G. Maríasson varð bankastjóri við Landsbanka Íslands árið 1945 og við seðlabankahluta bankans 1957. Er Seðlabanki Íslands varð að sjálfstæðri stofnun 1961, var hann skipaður einn af þremur bankastjórum hans, en því starfi gegndi hann, þar til hann létt af störfum fyrir aldurs sakir 1. ágúst 1967. Formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands var hann frá apríl 1961 til 31. mars 1964. Auk starfa sinna í bankanum gegndi hann fjölda annarra trúnaðarstarfa fyrir land sitt.

Í erfðaskrá sinni arfleiddi Jón Seðlabankann að húseign sinni og innbúi í Reykjavík með þeim ummælum, að hún yrði notuð í þágu gesta bankans.

Þorvarður Þorvarðsson, aðalféhirðir bankans, létt af störfum á árinu sakir aldurs eftir 47 ára starf við Landsbankann og Seðlabankann. Við störfum hans tók Stefán Þórarinsson, sem starfað hefur við bankann hjá aðalféhirði síðan 1956.

Rekstur Seðlabankans Rekstrarhagnaður Seðlabankans á árinu 1970 reyndist 43,1 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Höfðu þá verið færðir til gjalda vextir af eigin sjóðum bankans, en auk þess 11% arður af stofnfé bankans, en það nemur 100 millj. kr. Gengur arðgreiðslan í sérstakan sjóð, en helmingi tekna hans er varið til starfsemi Vísindasjóðs. Óráðstafaður tekjuafgangur frá árinu 1969 nam 5,9 millj. kr., svo að til ráðstöfunar voru 49,0 millj. kr., en af þeirri fjárhæð ákvað bankaráð að leggja í varasjóð 22,0 millj. kr., í húsbyggingarsjóð 14,6 millj. og í arðjöfnunarsjóð 8,2 millj., en óráðstafað til næsta árs er þá 4,2 millj.

Í árslok fór fram endurmat á erlendri verðbréfaeign bankans, og var bókfært verðmæti hennar hækkað um tæplega 75 millj. kr. Af þessari hækkun voru 30 millj. kr. færðar til hækkunar á varasjóði. Í lok ársins 1970 námu eigin sjóðir bankans samtals 586,4 millj. kr. Auk þess voru þá á gengisbreytingareikningi 248,8 millj. kr.

Seðlar og mynt

Endurskipulagningu seðla- og myntmála, sem hófst árið 1968 með útgáfu 10 króna penings og 500 króna seðils, var haldið áfram á árinu 1970.

Með auglýsingu frá 15. janúar 1970 voru allir seðlar, útgefnir af Landsbankanum frá og með ársbyrjun 1948, innkallaðir, ásamt 5 og 10 króna seðlum Landsbanka Íslands, Seðlabanka, og 10 króna seðlum Seðlabanka Íslands, sem gefnir voru út frá 1957. Í auglýsingunni var ákveðið, að umferðargildi seðla þessara rynni út 15. janúar 1971, en Seðlabankinn innleysir þá eftir það í a. m. k. eitt ár.

Þá var gefinn út á árinu 50 króna peningur úr koparnikkeli, sömu stærðar í meginatriðum og eins að útliti og 50 króna minnispeningurinn, sem gefinn var út árið 1968 í tilefni 50 ára fullveldis Íslands. Jafnframt var á miðju árinu hætt að setja 25 króna seðla í umferð, en innköllun þeirra hefur ekki enn verið ákveðin.

Á árinu var sleginn 10 aura peningur úr áli og settur í umferð. Við notkun áls sparast talsverður kostnaður, en mikið af þessari myntstærð fer í súginn.

Myntstærðir, sem nú eru settar í umferð, eru 10 og 50 aurar og 1, 5, 10 og 50 krónur, en seðlastærðir 100, 500 og 1000 krónur.

Reglur um innlánsbindingu

Seðlabankinn ákvað á árinu ýmsar breytingar á reglum um innlánsbindingu, og tóku þær gildi 1. ágúst. Með hinum nýju reglum voru þó engar breytingar gerðar á bindiskyldehlutföllum, er síðast voru ákveðin í ársbyrjun 1966 og eru 30% af aukningu heildarinnstæðna eða 3% lágmarksbinding af heildarinnstæðum, hvort sem hærra er. Bundin inn-

stæða hverrar innlásstofnunar skal þó ekki fara fram úr 20% heildarinnstæðna hjá viðkomandi stofnun í lok hvers árs. Hafa allar innlásstofnanir nú náð þessu marki, svo að raunveruleg bindiskylda nemur nú 20% af aukningu innlána.

Mikilvægustu breytingarnar, er gerðar voru á árinu á reglum, felast í hækkun vaxta af bundnu fé og rýmuðum reglum um greiðslu innlásbindingar með verðbréfum, að því er varðar minni innlásstofnanir.

Vextir af bundnu fé við Seðlabankann hafa verið 1% á ári yfir meðalinnlánsvöxtum af innlánum við hverja innlásstofnun. Ákveðið var að hækka þessa vexti frá og með 1. janúar 1970, þannig að Seðlabankinn greiðir 2% yfir meðalinnlánsvöxtum bundinna innstæðna allt að 10 millj. kr. hjá hverri innlásstofnun, en $1\frac{1}{2}$ % yfir meðalinnlánsvöxtum af því bundna fé, er þar er fram yfir, en hámarksvektir verði $9\frac{1}{2}\%$ í stað 9% áður. Það er skilyrði þess, að innlásstofnun njóti þessarar vaxta-hækkunar, að greiðsla bindiskyldu fari fram á réttum gjald-dögum.

Þá eru í hinum nýju reglum rýmri ákvæði um greiðslu bindiskyldu með verðbréfum, og er gert ráð fyrir því, að innlásstofnanir með innstæðufé allt að 100 millj. kr. geti innt bindiskyldu af hendi að hluta með sölu verðbréfa, er Seðlabankinn metur gild, en áður var miðað við, að stofnanir með allt að 25 millj. kr. innstæðufé gætu einar notið heimildarinnar.

Vextir af inn- og útlánum við innlásstofnanir hafa í aðalatriðum verið óbreyttir frá 1. janúar 1966. Verður hér gerð grein fyrir nágildandi vöxtum af helztu viðskiptaformum.

Vextir af innstæðum á almennum sparisjóðsbókum, sem má taka út úr fyrirvaralaust, eru 7% á ári, en af bókum, bundnum til 12 mánaða, 9% á ári. Vextir af innstæðum á sparisjóðs-ávisanabókum eru 4% á ári, en af hlaupareikningsinnstæðum 3% á ári.

Útlánsvektir eru nú 9–10% á ári. Eru vextir af víxlum 9%, $9\frac{1}{2}\%$ eða 10%, og fer það aðallega eftir tímalengd víxla, hvaða vextir eiga við. Af skuldabréfum eru vextir $9\frac{1}{2}\%$ eða 10% á ári eftir tryggingum. Vextir af skuldum á hlaupareikningum eru 7% dagvextir á ári, reiknaðir mánaðarlega eftirá, auk 3% viðskiptagjalds af upphæð lánshemildar.

Vextir af afurðalánum eru breytilegir. Afurðalán, endurseld Seðlabankanum vegna útflutningsafurða, eru með 6% árvöxtum, en önnur endurseld afurðalán eru með $7\frac{1}{2}\%$ árvöxtum. Viðbótarlán viðskiptabanka, sem ekki eru endurseld Seðlabankanum og veitt eru út á afurðir, svo og útgerðarlán gegn veði í væntanlegum afla, eru með 8 og $8\frac{1}{2}\%$ árvöxtum.

Um vexti

Alþjóðastofnanir

Seðlabankinn annast fyrir hönd íslenzkra stjórnvalda greiðsluviðskipti Íslands bæði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (IMF) og Alþjóðabankann (IBRD), svo og systurstofnanir hins síðarnefnda, Alþjóðafjármálastofnunina (IFC) og Alþjóðaþróunarstofnunina (IDA).

Á árinu 1970 var aðalfulltrúi Íslands í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins dr. Jóhannes Nordal, en varafulltrúi Jónas H. Haralz. Í stjórn Alþjóðabankans og systurstofnana hans var aðalfulltrúi dr. Gylfi P. Gíslason, en varafulltrúi Magnús Jónsson. Sóttu þessir fulltrúar allir aðalfundi stofnananna, sem haldnir voru sameiginlega í Kaupmannahöfn um haustið. Þá fór fram kosning fulltrúa í framkvæmdastjórn bæði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans til næstu tveggja ára. Norðurlöndin eiga þar sameiginlega fulltrúa, og var Erik Brofoss frá Noregi kosinn fulltrúi í framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í stað Eero Asp frá Finnlandi. Varamaður í framkvæmdastjórninni var endurkjörinn Sigurgeir Jónsson. Aðalfulltrúi í framkvæmdastjórn Alþjóðabankans var kjörinn Erik Törnquist frá Finnlandi í stað Erik Karlsson frá Svíþjóð, en varamaður Carl I. Öhman frá Svíþjóð í stað Erik Hauge frá Danmörku.

Ástandið á alþjóðapeningamörkuðum batnaði mikið á árinu 1970, og komst miklu betra jafnvægi á greiðslujöfnuði stórbjóðanna. Á árinu notuðu þátttökuríkin mun minna fé frá Alþjóðagjalddeyrissjóðnum en árin á undan eða 1839 millj. dollara, en árið áður höfðu verið dregnar á sjóðinn 2871 millj. dollara.

Fyrsta úthlutun hinna sérstöku dráttarréttinda (Special Drawing Rights), sem samþykkt höfðu verið á árinu 1969, fór fram í ársbyrjun 1970. Nam úthlutunin samtals 3,5 milljörðum dollara, en af henni komu í hlut Íslands 2,52 millj. dollara eða jafngildi 220 millj. íslenzkra króna. Önnur úthlutun fór svo fram í byrjun janúar 1971, og nam hún samtals 3,0 milljörðum dollara, en hlutdeild Íslands í henni nam 2,46 millj. dollara eða jafngildi 216 millj. ísl. króna.

Á árinu 1970 kom til framkvæmda hækkun á kvóta Íslands hjá Gjaldeyrissjóðnum úr 15 millj. dollara í 23 millj. dollara samkvæmt heimild í lögum nr. 28/1970. Var þessi hækkun þáttur í almennri endurskoðun á kvótum þátttökuríkja hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Þessi hækkun á kvóta Íslands kom til framkvæmda 4. nóvember og var einn fjórði hluti hennar greiddur í gulli, sem Seðlabankinn keypti til þeirra þarfa, en afgangurinn í íslenzkum krónum.

Á árunum 1967–1969 hafði Seðlabankinn tekið lán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum samtals að fjárhæð 15 millj. dollara. Helmingur þessarar fjárhæðar var í formi svokallaðra jöfnun-

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn**Hækkun á kvóta Íslands**

Alþjóðabankinn og systurstofnanir hans

arlána, er tekin voru vegna lækkunar útflutningstekna á árnum 1967 og 1968 í samræmi við sérstakar reglur, er gilda um slík lán hjá sjóðnum. Voru þessi jöfnunarlán að fullu endurgreidd í einu lagi 30. nóvember 1970, en 7,5 millj. dollara yfirdráttarlán, er tekið var hjá sjóðnum 5. marz 1969, var endurgreitt 15. janúar 1971. Var Ísland þá orðið skuldlaust hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að nýju.

Greiðslusamningur Evrópu

Á fjárhagsári Alþjóðabankans, er lauk 30. júní 1970, námu útlán bankans 1680 millj. dollara, en 1399 millj. dollara árið áður. Á árinu var gengið frá samningum um lán til vegaframkvæmda á Íslandi, er var að fjárhæð 4,1 millj. dollara. Lánið er til 20 ára, þar af eru fjögur afborgunarlaus, og eru vextir $7\frac{1}{4}\%$ á ári. Með þessu láni hefur Ísland fengið samtals frá upphafi 30 millj. dollara að láni frá Alþjóðabankanum, en útistandandi skuld Íslands við Alþjóðabankann nam 20,7 millj. dollara í árslok 1970.

Starfsemi Evrópusjóðsins, en hann starfar á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) samkvæmt sérstökum samningi, svokölluðum greiðslusamningi Evrópu (European Monetary Agreement), var svipuð og áður. Ísland hefur tvívar tekið lán hjá Evrópusjóðnum, 1960 og 1968, en var ekki í neinum skuldum við sjóðinn á árinu 1970.

Seðlabankar Norðurlanda hafa með sér náið samstarf, og halda þeir m. a. einu sinni á ári hverju fundi, þar sem rætt er um sameiginleg vandamál. Á árinu 1970 var seðlabankafundurinn haldinn í Noregi í júnímánuði.

Seðlabankinn hefur auk þess tekið þátt í störfum Fjárhagsnefndar Norðurlanda af Íslands hálfu, en hún fjallar um ýmis sameiginleg fjárhagsmálefni, einkum samvinnu á sviði alþjóðafjármála. Nefndin hélt two fundi á árinu, í Svíþjóð og Danmörku.

Á árinu voru sett ýmis lög, er varða starfsemi Seðlabankans, og skal nú drepið á það helzta í því efni.

Löggjöf um Útflutningslánasjóð nr. 47/1970 og Tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð nr. 60/1970 var undirbúin og samin á vegum Seðlabankans.

Hlutverk Útflutningslánasjóðs er tvenns konar: í fyrsta lagi að veita lán vegna útflutnings meiri háttar véla og tækja, þar á meðal skipa og annarra fjárfestingarvara, sem framleiddar eru innan lands og sellar eru með greiðslufresti. I öðru lagi að veita svokölluð samkeppnislán gegn bankaábyrgð til innlendra aðila, er kaupa vélar og tæki, þar með talin skip, sem framleidd eru innanlands. Slík lán munu þó ekki veitt kaupendum fiskiskipa, sem Fiskveiðasjóður veitir lán til. Enn fremur er stjórn

Norræn samvinna

Löggjöf um Útflutningslánasjóð

**Tryggingardeild
útflutningslána við
Ríkisábyrgðasjóð**

Útflutningslánasjóðs heimilt að veita fleiri iðngreinum en þessum útflutnings- eða samkeppnislán, ef hún telur það nauðsynlegt til að tryggja þeim sambærilega aðstöðu við erlenda aðila. Stofnaðilar sjóðsins, Seðlabankinn, Landsbankinn og Iðnláanasjóður gerðu með sér stofnsamning um sjóðinn í janúar 1971. Þá var og sett reglugerð um starfsemi hans (nr. 11/1971), og tók hann til starfa 20. janúar 1971 undir þriggja manna stjórn, skipaðri fulltrúum stofnaðila.

Stofnfé sjóðsins er 150 millj. króna, skipt jafnt á stofnaðilana, og greiða þeir það til sjóðsins á þremur árum. Þá er ráðgerð frekari fjármögnun sjóðsins með lántökum. Aðrir viðskiptabankar geta orðið aðilar að sjóðnum með samningi við sjóðsstjórn. Afgreiðsla sjóðsins og rekstur er hjá Landsbanka Íslands. Hlutverk tryggingardeilda er að taka að sér að tryggja lán, sem bankar eða aðrar lánastofnanir veita innlendum útflyttendum til fjármögnumnar á útflutningslánnum, sem þeir veita eða útvega erlendum kaupendum. Ennfremur er deildinni heimilt að tryggja aðrar kröfur íslenzkra útflyttjenda á hendur erlendum kaupendum, enda hafi þær orðið til vegna útflutnings á íslenzkum vörum. Þá er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að tryggja samkeppnislán til innlendra aðila, er kaupa vélar og tæki, sem framleidd eru innanlands.

Nefnd skipuð fulltrúum fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, iðnaðaráðuneytis og Seðlabankans tekur afstöðu til umsókna um tryggingar og ákveður, með hvaða kjörum tryggt er, en iðgjaldatexta deildarinnar ákveður fjármálaráðherra. Nefndin úrskurðar tjónabætur, en úrskurði hennar má skjóta til fjármálaráðherra.

Hámark skuldbindinga deildarinnar á hverjum tíma má nema samtals 250 millj. króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendi mynt. Íðgjöld af tryggingum skulu við það miðuð, að þau standi straum af kostnaði deildarinnar og greiðslu tjónabóta. Starfræksla Tryggingardeilda útflutningslána er enn í undirbúningi, og verður afgreiðsla hennar hjá Ríkisábyrgðasjóði.

**Stofnun
Iðnþróunarsjóðs**

Hinn 12. desember 1969 undirrituðu fulltrúar ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar samning um stofnun sjóðs til eflingar alhliða iðnþróum á Íslandi. Viðræður um stofnun sjóðsins fóru fram vegna vætanlegrar aðildar Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu, og skyldi samningurinn taka gildi, er Ísland gerðist aðili að samtökunum. Með lögum nr. 9/1970 er ríkisstjórn Íslands heimilað að staðfesta samninginn fyrir Íslands hönd.

Tilgangur sjóðsins, sem í samningnum er nefndur „Nordisk

„Industrialiseringsfond for Island“ og í áðurnefndum lögum nefndur „Iðnþrunarsjóður“, er að stuðla að tækni- og iðnþróun Íslands við aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu og auðvelda aðlögun iðnaðarins að breyttum markaðsaðstæðum. Sjóðurinn skal stuðla að þróun útflutningsiðnaðar á Íslandi og leggja áherzlu á aukna samvinnu á sviði iðnaðar og viðskipta milli Íslands og hinna Norðurlandanna. Enn fremur skal sjóðurinn efla samkeppnishæfni íslenzka heimamarkaðarins.

Stjórn Iðnþrunarsjóðs er í höndum fimm manna stjórnar, sem skipuð er af ríkisstjórnum Norðurlandanna, og fimm manna framkvæmdastjórnar, sem skipuð er fulltrúum íslenzka bankakerfisins. Framkvæmdastjóri sjóðsins hefur verið ráðinn Þorvarður Alfonsson.

Samkvæmt ákvæðum samningsins skal Seðlabanki Íslands veita sjóðnum nauðsynlega fyrirgreiðslu og starfsaðstöðu. Í samræmi við þetta hefur sjóðurinn fengið aðstöðu í húsnæði Seðlabanka Íslands, og annast Seðlabankinn fyrir hann ýmiss konar þjónustu.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins

Með lögum nr. 72/1969 var Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins settur á stofn. Undanfari þeirrar lagasetningar hefur verið greiðsla verðbóta, sem hófust árið 1967 með sérstöku framlagi úr ríkissjóði vegna stórfelldra verðlækkana á frystum fiski á árunum 1967 og 1968. Síðan var hluta af verðhækkanatekjum afurða, sem til félru við gengisbreytingarnar 1967 og 1968, varið til stofnunar sjóðsins, en hann tók til starfa seint á árinu 1969, og var árið 1970 fyrsta eiginlega starfsárið.

Samkvæmt lögunum var sett á stofn deild fyrir frystar fiskafurðir, en um stofnun fleiri deilda fer eftir ákvörðun sjávarútvegsráðherra samkvæmt tillögum sjóðsstjórnar. Er hver deild bókhaldslega sjálfstæð, og má ekki færa fé á milli deilda.

Stjórn sjóðsins er skipuð þremur fulltrúum ríkisvaldsins svo og tveimur fulltrúum veiða, en tveir fulltrúar hverrar vinnslugreinar eiga aðild að stjórn sjóðsins, þegar fjallað er um mál hlutaðeigandi greinar. Árið 1970 voru starfræktar þrjár deildir við sjóðinn, fyrir frystar fiskafurðir, fyrir mjöl og lýsi (loðnufurðir) og fyrir saltfisk.

Grundvallarverð til viðmiðunar er ákveðið fyrir hvert framleiðslutímabil, en inn- og útborganir úr sjóðnum fara eftir þróun útflutningsverðlags, og er meðaltalsverðlag lagt til grundvallar. Innheimta tekna sjóðsins fer fram við gjaldeyrisskil afurða í bönkunum, en sjóðurinn er samkvæmt ákvörðun laganna starfræktur á vegum Seðlabankans, og sér gjaldeyriseftirlitið um dagslega afgreiðslu.

Uppgjör á greiðslum í eða úr sjóðnum miðast við framleiðslu ársins og getur því ekki farið fram endanlega, fyrr en öll framleiðslan er sold og greidd. Í lok ársins 1970 hafði verið innheimt í sjóðinn sem hér segir:

Deild fyrir frystar fiskafurðir	151 millj. kr.
— — saltfisk	30 — —
— — mjöl og lýsi (loðnuafurðir)	30 — —

Þegar endanlegt uppgjör hefur farið fram, er áætlað, að heildartekjur sjóðsins af framleiðslu ársins 1970 geti numið um 400 millj. kr.

Stjórн Framkvæmdasjóðs

Rekstur Framkvæmdasjóðs er í höndum Seðlabankans, en hann lýtur sérstakri þingkjörinni stjórн. Kjörtími núverandi stjórnar Framkvæmdasjóðs er til ársloka 1972. Stjórнin er nú þannig skipuð:

Jóhann Hafstein, forsetisráðherra, formaður
 Gylfi P. Gíslason, viðskiptaráðherra, varaformaður
 Gunnlaugur Pétursson, borgarritari
 Jón G. Sólnes, bankastjóri
 Ragnar Arnalds, lögfræðingur
 Steingrímur Hermannsson, framkvæmdastjóri
 Tómas Árnason, hæstaréttarlögmaður.

Reikningar Framkvæmdasjóðs

Eins og fram kemur af rekstrarreikningi, námu hreinar tekjur Framkvæmdasjóðs á árinu 1970 38,3 millj. kr., en hreinar tekjur Mótvirðissjóðs 18,5 millj. kr. Samtals námu því hreinar tekjur Framkvæmdasjóðs og Mótvirðissjóðs 56,8 millj. kr. Af hreinum tekjum Framkvæmdasjóðs á árinu að viðbættum óráðstöfum tekjuafgangi frá fyrra ári og að frádregnum gengismun vegna erlendra lána voru 36,0 millj. kr. lagðar við höfuðstól, 1,0 millj. kr. í varasjóð og 0,3 millj. kr. á afskriftareikning. Samanlagt námu eiginfjárreikningar Framkvæmdasjóðs í árslok 472,7 millj. kr. Hreinum tekjum Mótvirðissjóðs var bætt við höfuðstól sjóðsins, er nam í árslok 410,0 millj. kr. Eiginfjárreikningar Framkvæmdasjóðs og Mótvirðissjóðs námu samkvæmt framansögðu 882,7 millj. kr. í árslok 1970.

Lántökur Framkvæmdasjóðs

Á árinu 1970 voru á ný gerðir samningar milli Framkvæmdasjóðs og viðskiptabankanna þess efnis, að bankarnir lánuðu til Framkvæmdasjóðs 10% af aukningu innlána bankanna á árinu 1970. Lán samkvæmt þessu samkomulagi munu nema alls 379 millj. kr., en gengið var frá lánum að fjárhæð 277 millj. kr. á árinu. Lán þessi endurgreiðast bönkunum á 15 árum.

Lánveitingar Framkvæmdasjóðs

Gengið var frá útlánaáætlun Framkvæmdasjóðs í marzmánuði 1970. Fjárhæð áætlunarinnar nam 293,4 millj. kr., auk áætlunarar ráðstöfunar fjár, 160,4 millj. kr., frá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins til Norðurlandsáætlunar af láni því, er tekið var 1969. Var því niðurstaða áætlunarinnar 453,7 millj. kr. Lánveitingar Framkvæmdasjóðs árið 1970 voru þessar:

	<i>millj. kr.</i>
Stofnlánadeild landbúnaðarins	62,0
Veðdeild Búnaðarbanka Íslands	8,0
Fiskveiðasjóður Íslands	127,7
Iðnláanasjóður	16,0
Láanasjóður sveitarfélaga	25,0
Ferðamálasjóður og hótelbyggingar	36,0
Stofnláanasjóður verzlunarfyrtækja	18,0
Byggingarsjóður verkamanna	15,0
Lán samkvæmt Vestfjarðaáætlun	7,0
<i>Samtals</i> 314,7	

Framangreind lán voru að fullu greidd út á árinu. Í ársþyrjun voru óútborgaðar af veittum lánum 194,2 millj. kr., en í árslok 44,2 millj. kr., og hefur fjárhæð þessi því lækkað á árinu um 150,0 millj. kr. Útborguð lán hafa því alls numið 464,7 millj. kr. á árinu 1970.

Ríkisábyrgðasjóður

Seðlabankinn sér um rekstur Ríkisábyrgðasjóðs í umboði fjármálaráðuneytisins samkvæmt samningi þessara aðila, sem gerður var 1962. Hlutverk sjóðsins er hvers konar fyrirgreiðsla í sambandi við veitingu ríkisábyrgða og innheimta krafna, sem á ríkissjóð falla sem ábyrgðaraðila. Enn fremur er sjóðnum ætlað að annast ýmsa lánaumsjá fyrir ríkissjóð. Starfsemi þessi var öll með sama sniði og verið hefur undanfarin ár.

Með lögum nr. 60 frá 12. maí 1970 var ákveðið, að stofnuð skyldi tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð. Er nánar greint frá þessari lagasetningu hér að framan.

Umsóknir um ríkisábyrgðir voru fleiri árið 1970 en árið áður, en fjárhæð ábyrgða hins vegar lægri. Alls urðu nýjar ábyrgðir 289, samtals að fjárhæð 415 millj. kr. Þar af voru ábyrgðir vegna byggingarsamvinnufélaga 222, samtals að fjárhæð 135 millj. kr. Yfirlitið hér á eftir sýnir nýjar ábyrgðir árin 1969 og 1970:

	1969	1970	
	millj. kr.	fjöldi áb.	millj. kr.
Hafnargerðir og dráttarbrautir	55	24	42
Vatnsveitur	1	13	8
Hitaveitur	—	6	8
Fiskiðnaður	4	3	7
Iðnaður	2	4	17
Raforkumál	352	1	124
Samgöngur	—	3	1
Byggingarsamvinnufélög . .	144	222	135
Annað	44	13	73
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	602	289	415

Lánafjöldi vegna hafnargerða og dráttarbrauta í eigu bæjarfélaga var svipaður og árið áður, en heildarfjárhæð lána, sem veitt var ábyrgð á, lækkaði hins vegar verulega eða um nær fjórðung. Upphæð vatnsveitulána hækkaði, og veitt var ábyrgð á hitaveitulán samtals að fjárhæð 8 millj. kr. Lán þessi voru tekin vegna hitaveituframkvæmda á Dalvík og Húsavík. Nýjar ábyrgðir á lán til iðnaðar námu alls 17 millj. kr. Þar var eingöngu um að ræða lán til framkvæmda við skipasmíðastöðvar og dráttarbrautir í eigu einkaaðila. Landsvirkjun tók á árinu eitt lán með ríkisábyrgð að fjárhæð 124 millj. kr. Var það tekið í Japan til kaupa á búnaði vegna stækkunar Búrfellsvirkjunar. Góð afkoma atvinnuveganna á árinu, einkum sjávarútvegsins, létti mjög greiðslubyrði Ríkisábyrgðasjóðs. Greiðslur, sem á sjóðinn féllu, voru að vísu mjög miklar, en nokkru lægri þó en verið hefur undanfarin tvö ár. Innheimtur gengu hins vegar mjög vel. Alls námu endurgreiðslur skuldara 8 millj. kr. hærri fjárhæð en sjóðurinn varð að greiða vegna vanskila. Á yfirlitnu hér á eftir má sjá greiðslur sjóðsins árin 1967–1970.

	1967	1968	1969	1970
Innleystar kröfur	173	270	371	255
Endurgreiðslur skuldara . . .	65	131	266	263
Nettó-greiðslur	108	139	105	— 8

Eins og áður féllu á sjóðinn mjög verulegar greiðslur vegna vanskila sveitarfélaga á hafnarlánum. Innheimtur frá þessum aðilum gengu illa, og alls námu nettógreiðslur á árinu vegna vanskila á hafnarlánum 25 millj. kr. Á undanförnum árum hafa fallið á Ríkisábyrgðasjóð verulegar greiðslur vegna lána Orkussjóðs. Breyting á reglum um verðjöfnunargjald af raforkusölu,

sem gildi tók á miðju ári 1969, styrkti mjög greiðslustöðu sjóðs-ins, og gætti þess á þessu ári, en þá lækkaði skuld Orkusjóðs við Ríkisábyrgðasjóð mjög verulega. Eins og áður féllu á sjóðinn mjög verulegar greiðslur vegna fiskiðnaðarins. Góð afkoma sjávarútvegsins olli því þó, að innheimtur gengu allvel og mun betur en áður. Þetta gildir þó ekki um síldarverksmiðjur, en greiðslugeta þeirra var mjög lítil á árinu. Varð sjóðurinn að taka á sig miklar greiðslur vegna lána þeirra.

Framkvæmda- og fjároflunaráætlun ríkissjóðs

